

Kvikmyndir | Tónlist | DVD | Bækur | Íþróttir

# haminn

FRITT EINTAK / OKTÓBER 2008

**TIMOTHY JACOB JENSEN**

*hönnuður sem vann í sirkus*

**SIGURÐUR  
GUÐMUNDSSON**

*tónlistarmaður er  
rómantískur á sinn hátt*

**GUNNLAUGUR**

**EGILSSON** *dansari*

*kveður óð til skuggans*

*20 bestu vestrar allra tíma*

**MAGNÚS  
GEIR**

**FAGIDJÓT  
AF VERSTU  
SORT**

**MUSTANG  
REYNSLUEKIÐ**

**HAUSTIÐ**



MAGNÚS  
26



**4** Esja er áhugaverð plata. Í spilaranum eru: Megas, Klive og Primal Scream.

**5** Nýr ilmur frá Cartier

**6** Ljósmyndabækur eru fallegar og margbrotnar. Á náttborðinu eru: 101 Ísland, Ókei bæ Tvö og Engin spor.

**8** Harrison Ford varð stjarna næstum óvart. Í tækinu eru: Iron Man, Speed Racer og The Crystal Kingdom.

**10** Enn eitt meistarstykkið frá Cohen-bræðrum Burn After Reading og Rescue Dawn sem fjallar um ævintýrlegan flóttu.

**12** Nýr og flottur Fifa-leikur, Batman Lego, The Mummy og Star Wars.

**13** Dótakassinn er alltaf fullur af skemmtilegum græjum.

**14** Timothy Jacob Jensen stýrir framsæknu hönnunarfyrtæki.

**18** Siggí Guðmunds. og Memfismafian í góðu formi.

**20** Ford Mustang reynsluekið.

**22** Úttekt á heimsins bestu vestrum.

**25** Saga ginsins.

**26** Magnús Geir Þórðarson ýtir með glæsibrag úr vör í Borgarleikhúsinu.

**31** Vín mánaðarins.

**32** Gunnlaugur Egilsson flytur óð til skuggans.


**36** Góðar líkamsæfingar fyrir kraftmikla menn.

**40** Nýjungar í snyrtivöruheiminum.

**FORSÍÐUMYND:** Arnold Björnsson

**FORSÍÐA:** Magnús Geir Þórðarson

For more information call 354 511 55 00 [www.diesel.com](http://www.diesel.com)



**DIESEL**





## VIRKILEGA ÁHUGAVERÐ PLATA

*Máltækið segir að lík börn leiki best en þeir Krummi og Daniél Ágúst afsanna það rækilega á nýju plötunni sinni Esja. Þeir koma úr ólíkum áttum í tónlistinni þessir tveir og fyrir örskömmu hefði varla nokkur maður spáð því að þeir ættu eftir að ná saman og gera plötu. Engu að síður er þetta nú orðið að veruleika og útkoman er stórgóð, framúrstefnuleg plata þar sem blandast saman fenjamúsík Suðuríkjanna og þjóðlagarokk í anda Bob Dylan.*

Daniél Ágúst Haraldsson er þekktastur fyrir söng sinn með hljómsveitinni Nýdönsk. Eftir að hann hætti í þeirri hljómsveit hóf hann samstarf við fjöllistahópinn Gus Gus. Hann er góður söngvari og þess vegna var hann sendur fyrir Íslands hönd í Júróvisjón árið 1989 með lag Valgeirs Guðjónssonar, það sem enginn sér. Sú ferð var engin frægðarför en flestir hér á landi voru á því að ekki væri Daniél um að kenna heldur smekkleysi Evrópubúa. Fyrsta sólóplata Daniels, *Swallowed a Star*, fékk góða dóma og þótti metnaðarfullt og flott verk.

Krummi eða Oddur Hrafn Björgvinsson er aðalsöngvari þungarokkhljómsveitarinnar Mínus en hún gerði það gott bæði hér á landi og í Bretlandi um tíma. Einhver losarabragur hefur reyndar verið á starfi sveitarinnar að undanförunu þótt ekki hafi verið gefin út yfirlýsing um að hún sé hætt. Nýjasta plata þeirra *The Great Northern Whalekill* kom út árið 2007 og fékk nokkuð jákvæða dóma. Hún þótti vel unnin og þétt. Krummi tók hliðarspor, líkt og Daniél Ágúst, þegar hann

steig á svið í Borgarleikhúsinu og lék sjálfan Jesú í söngleiknum *Jesus Christ Superstar*. Gagnrýnendur voru ekki á einu máli um frammistöðu hans og sumir alls ekki ánægðir. Söngleikurinn hlaut engu að síður góða aðsókn og leikhúsgestir skemmtu sér vel.

Krummi og Daniél Ágúst hittust fyrir tveimur árum og fljótlega fóru þeir að huga að tónlist. Sjálfir hafa þeir piltar sagt að þegar þeir settust niður til að spila saman á gítara sína hafi eitthvað gerst. Krummi líkir því við karma í Morgunblaðsfrétt. Hvað sem um það má segja þá er platan *Esja* vönduð og bráðskemmtileg. Raddir þeirra beggja njóta sín vel og yfir öllu er einhver hrár bragur sem höfðar ábyggilega vel til hippa og þeirra sem hafa gaman af þjóðlagaskotinni tónlist. Esjan, sem platan heitir eftir, er móbergsstabbí í útjaðri Reykjavíkur. Esjan hlóðst upp í mörgum gosum og fjallið því dásamlega fjölbreytt frá jarðsögulegu sjónarhorni. Platan er það ekki síður og ber því nafn með rentu.

## Í SPILARANUM

### VÖNDUÐ OG SKEMMTILEG



Á morgun er þriðja plata Megasar og Senuþjófanna en þeir stálu senunni glásilega með plötunum Frágangi og Hold er mold sem báðar komu út í fyrra.

Hljómsveitin Senuþjófarnir

er skipuð þeim Guðmundi Kristni Jónssyni gítarleikara, Sigurði Guðmundssyni bassaleikara, Birni Ólafssyni trommara, Þorbirni Sigurðssyni hljómborðsleikara og Guðmundi Péturssyni gítarleikara. Þetta eru frábærir tónlistarmenn og platan ber þess sannarlega merki. Góð plata sem gaman er að eiga.

### LEIKUR AÐ HLJÓÐUM



Platan *Sweaty Psalms* með Klive er skemmtilegur leikur að hljóðum. Á bak við Klive stendur Úlfur Hansson, en hann spilar einnig á bassa í svartkjarnabandinu *Swords of Chaos*. Þetta

sólóverkefni er leið hans til að leika sér að hljóðum sem hann tekur upp á ferðalögum um Evrópu og hér heima sem hann blandar í tölu svo úr verður tilraunakennd elektrónísk tónlist. Ellefu lög eru á *Sweaty Psalms* og platan er virkilega áhugaverð fyrir þá sem hafa gaman af frumlegri tónlist.

### FALLEG FRAMTÍÐARSÝN



*Beautiful Future* heitir nýjasta plata skosku hljómsveitarinnar Primal Scream. Þessi bráðskemmtilega sveit hefur mjög sérstakan tón sem hefur aflað

henni aðdáenda um allan heim. Þetta er blanda af „indí“ tónlist og rokki sem er sérlega áhugaverð.

Á þessari plötu koma góðir gestir þeim félögum til aðstoðar og má sérstaklega nefna frábæran söng sveittasönkonunnar Lindu Thompson í laginu *Over & Over* og gítarleik Josh Homme úr *Queens of the Stone Age* í laginu *Necro Hex Blues*.

# Styrkur, karlmennska og persónuleiki

**CARTIER TÍSKUHÚSIÐ SLÓ Í GEGN Á TÍMUM ÞEGAR FÓLK VILDI TRÚA Á HAMINGJU OG ÁST. HÖNNUÐIR ÞESS VORU Í FARARBRODDI UNGRAR KYNSLÓÐAR SEM VILDI BREYTA HEIMINUM OG STÍLHREIN, ÖGRANDI HÖNNUN ÞEIRRA FÉLL SANNARLEGA Í KRAMIÐ. ENN ER CARTIER LEIÐANDI OG ÓVIÐJAFNANLEGUR EINS OG SANNAST Á NÝJA KARLMANNILMINUM ROADSTER.**

Þetta er einstæður ilmur sem gengur þvert á viðtekna venjur við sköpun

ilmvatna fyrir karlmenn. Iðulega hafa burknar, sítrusávextir og viðartegundir gefið tónana í þessum tegundum ilmvatna en Cartier kýs meðvitað að fara aðra leið og niðurstaðan er hressandi ilmur, hrifandi, djarfur og sérstæður.

Ilmurinn var hannaður af Mathilde Laurent sem hafði í huga skartmennina sem kunna gott að meta. Heimsmenn og fagurkera sem bera sig ævinlega vel og skera sig úr fjöldanum. Ilmurinn er seiðandi og að anda honum að sér er eins og að bjóða þefskyninu til veislu. Efsta nótan er ensk mynta, fersk og hressandi eins og svalur andblær og bergamot með sínum hreina hvíta lit. Í miðnótunni er patchouli jurtin sem Indverjar notuðu sem ástarlyf, cistus labdanum og vanilla sem í senn sefa og örva. Grunntóninn er svo Cashmere-

viður. Þessir tónar spila saman og endurspeglar mynd Cartier-mannsins sem er sjálfstæður, ævintýragjarn, listelskur og unnandi fegurðar.

Flaskan utan um Roadster er frábær hönnun og listaverk í sjálfu sér. Hún er formfögur og stílhrein og hvítur málmkenndur litur ilmvatnsins nýtir sín sérlega vel. Grár málmappinn minnir einna helst á turna eða fallega hönnuð tæki. Að horfa gegnum flöskuna er nánast eins og að horfa gegnum stækkunargler og hún minnir um margt á Roadster-úrinn sem notið hafa ótrúlegra vinsælda. Heildaráhrifin eru karlmannlegur og áhugaverður ilmur í lifandi og frumlega hönnuðu glasi.





## LISTAVERK MEÐ MARGAR HLIÐAR

Ljósmyndabækur eru bráðskemmtileg listaverk sem fletta má aftur og aftur. Í hvert skipti opnast ný sýn á umfjöllunarefnið og eitthvað sem áður hafði farið framhjá lesandanum blasir við. Þessar bækur liggja gjarnan frammi á heimilum svo gestir geti gripið í þær meðan þeir bíða eftir kaffinu. Nýjustu perlur íslenskra ljósmyndabóka eru Lundinn og Hestar.

Hestar er eftir Sigurgeir Sigurjónsson en hann er löndum sínum að góðu kunnur, enda hafa bækur hans Svip-myndir, Íslandslag, Ísland – Landið hlýja í norðri og Íslandssýn notið gífullegra vinsælda. Hestar hefur sama yfirbragð og fjölbreytileika og fyrri bækur hans og myndirnar í bókinni eru allt frá ljóðrænum landslagsmyndum þar sem hestar reika um eins og ævintýraverur á beit upp í myndir af atgangi í hrossarétt þar sem hreyfing er aðalsmerki myndarinnar.

Kristján B. Jónasson ritar skemmtilegan inngang um íslenska hestinn en að öðru leyti tala myndirnar að mestu sínu máli. Þetta er afar vönduð og glæsileg bók sem bæði hestamenn og aðrir náttúruunnendur geta haft mikið gaman af.

### LUNDINN ER LJÚFASTUR FUGLA

Jóhann Óli Hilmarsson hefur tekið saman í bók allan þann fróðleik sem til er um þann merkilega fugl lunda í máli og myndum. Þessi stórskemmtilegi svartfugl lifir í holum og hefur yfir sér eitthvert gáfumannayfirbragð sem gerir hann ómótstæðilegan. Lundabyggðir eru víða hér á landi og margar mjög stórar. Jóhann Óli ferðaðist um og myndaði fuglinn við alls konar aðstæður og segir frá því í bókinni hvaða aðstæður henta best til lundaskoðunar.

Nafnið lundi er sérkennilegt og ekki liggur í augum uppi hvaðan það kemur. Höfundur leiðir getum að því hvaðan það kunni að vera upprunnið. Hann telur einnig upp fleiri þekkt nöfn á lundanum þeirra á meðal prestur, prófastur, lundur og skjöldur en þetta gefur til kynna að lundinn hafi, sennilega vegna útlits síns, verið tengdur trú. Latneska nafnið er fratercula artica sem er í beinni þýðingu litli bróðir í norðri en munkar kölluð hver annan bróður eða frater.

Lundinn hefur einnig náð að teygja sig inn í menningu landsins svo um munar. Hann er borðaður og matreiddur á margvíslegan hátt og á þjóðhátíð í Eyjum tíðkast að bera hann fram. Lundapysjan á sér marga vini meðal smáfólksins og Vestmannaeyjahnátur og -peyjar hjálpa þeim að ná til hafs á haustin.

Vilt dýralíf er ákaflega fátæklegt á Íslandi og þess vegna eru fuglar okkur dýrmætari en flestum öðrum þjóðum. Húsdýrin okkar og sérstaða þeirra ætti sömuleiðis að vera þjóðinni ljósari og hún að leggja meira upp úr að varðveita þau. Íslenski hesturinn hefur náð að vinna sér sess en við þurfum líka að huga að geitum, kúm, kindum, hundum og hænum. Kannski kemur næst ljósmyndabók um þessar dýrategundir.

## Á NÁTTBORÐINU

### FRÁBÆR FLÉTTA

Engin spor eftir Viktor Arnar Ingólfsson er bráðskemmtileg spennusaga en jafnframt örlagasaga íslenskrar fjölskyldu. Kieler-fólkið hefur náð að vinna sér sess í samfélaginu og það þarf ekki að koma neinum á óvart að því er treyst fyrir ýmsum verkefnum eins og að velja hugsanlegan konung landsins. Hins vegar er undarlegra til þess að hugsa að feðgar úr þessari virtu fjölskyldu eru báðir skotnir með tuttugu og átta ára millibili í stásstofunni heima hjá sér með sömu byssu. Hvorugur virðist hafa átt sér óvin en engu að síður eru þeir myrtir. Þetta er frumleg og flott gáta.



### ALLTAF JAFN FYNDINN

Hugleikur Dagsson er alltaf jafnfyndinn og Ókei bæ tvö er ekki síðri en fyrri bækur hans. Það er með ólíkindum að þessar einföldu figúrur nái að tjá svo ólík viðhorf, tilfinningar og vandamál og raunin er. Það er ótrúlega skemmtilegt að rýna í pínulitlar myndir og leggja á sig að nema kaldhæðnina í þeim.



### 101 ÍSLAND

101 Ísland – áfangastaðir í alfaraleið er frábær ferðabók eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson. Þarna er að finna fallega staði allt í kringum Ísland, rétt við þjóðveginn, sem fæstir hafa þó vitað af. Páll Ásgeir er sérlega skemmtilegur penni og það er ávallt gaman að lesa texta eftir hann. Honum er líka lagð að gæða landslagið lífi og þessi bók er án efa einn besti ferðafélagi sem völ er á.




### TÆLANDI ÁSTARATLOT

Hvorki meira né minna en Kynlífsbiblía, grundvallarrit um ástaratlot er komin út. Að auki má svo bæta enn við þekkingu sína með því að leggja yfir Órvandi ástarráð og Ljúfa ástarleiki. Þetta eru vandaðar bækur með flottum myndum svo engum þarf að leiðast lesturinn. Það skemmtilegasta er örugglega þó að prófa eitthvað af því sem þar er sagt frá.







BOSS  
HUGO BOSS

BOSS PURE.  
PURE POWER.

THE NEW FRAGRANCE



**BOSS**  
HUGO BOSS



## HARRISON FORD



Hann sló í gegn í Star Wars en varð megastjarna þegar fyrsta Indina Jones myndin kom út. Sú fjórða var frumsýnd í sumar og kemur á vídeóleigur í þessum mánuði. Skiptar skoðanir voru á henni, bæði meðal aðdáenda og gagnrýnenda, en sumir segja að Indiana Jones bregðist aldrei.

## TRÉSMÍÐURINN SEM VARÐ STJARNA

Harrison Ford fæddist í Chicago, Illinois þann 13. júlí 1942. Faðir hans var írskur og móðir hans rússneskur gyðingur. Hann var mjög áhugalaus námsmaður og hætti háskólanámi og fór á samning hjá Columbia kvikmyndafélaginu og síðar Universal. Hann lék m.a. í Ironside sjónvarpsþáttunum en hann fékk bara minni háttar hlutverk og loks lagði hann leiklistina á hilluna og hóf störf sem trésmiður. Fjórum árum seinna tók hann þó að sér hlutverk í American Graffiti sem vakti athygli á honum og fjórum árum eftir það fékk hann svo hlutverk Han Solo í Star Wars og var þar með orðinn stórstjarna.

Nokkrum árum síðar lék hann í fyrstu Indiana Jones myndinni og er nú ein af skærustu stjörnum nútímans. Hann notar einn mælikvarða þegar hann ákveður hvort hann leikur í kvikmynd eða ekki. Ef honum tekst að lesa handritið til enda er það nógu gott til að hann geti hugsað sér að taka hlutverkið að sér. Það virðist hafa dugað honum nokkuð vel, hann fékk t.d. bæði Óskarsverðlaunatilnefningu og tilnefningu til Golden Globe verðlauna fyrir hlutverk sitt sem John Book í Witness.

Harrison á tvær fyrrverandi eiginkonur, tvo syni frá fyrsta hjónabandi og son og dóttur frá því seinna. Hann skildi við seinni konu sína, Melissa Mathison árið 2004 og höfðu þau þá verið gift í tuttugu ár. Frá því í janúar 2002 hefur hann hins vegar verið í föstu sambandi við Calistu Flockhart úr Allie McBeal þáttunum. Hún er fjórutiú og þriggja ára en hann varð sextíu og sex 13. júlí síðastliðinn. Hann og Calista segjast ekkert finna fyrir aldursmuninum

og eru mjög hamingjusöm saman. Þau kynntust á Golden Globe verðlaunahátíðinni þegar Calista helti óvart úr glasinu sínu á leikarann góðkunnna. Börnin hans eru einnig sögð sátta við sambandið og það lítur út fyrir að Calista verði þriðja eiginkona Harrisons.

### ÝMISLEGT UM HARRISON FORD

Í heiðurskyni vegna starfa hans að umhverfisverndarmálum var Harrison boðað að nefna nýja fiðrildategund. Hann nefndi hana eftir dóttur sinni, Georgiu.

Enginn leikari í sögunni hefur náð eins mikilli miðasölu á myndir sínar og Harrison Ford.

Miðamerísk maurategund (Peidole harrisonfordi) og köngurló (Calponia Harrisonfordi) eru nefndar eftir honum í heiðurskyni vegna starfa hans að umhverfismálum.

Skilnaður hans frá Melissa Mathison reyndist sá dýrast í sögu Hollywood.

### TILVITNANIR Í HARRISON FORD:

Þegar hann var spurður að því hvað hann vildi að guð segði við hann þegar hann kæmi að gullna hliðinu, svaraði hann: „Þú lítur miklu betur út í eigin persónu.“

„Sá sem átti þá snilldarhugmynd að klæða Indiana Jones í bardahatt og leðurjakka í frumskóginum á skilið að vera dreginn út á götu og skotinn.“

## Í TÆKINU

### JÁRNMAÐURINN



Iron Man er frábær ævintýramynd með þeim Robert Downey Jr. og Terence Howard í aðalhlutverkum. Fjallar hún um vopnaframleiðanda (Downey Jr.) sem er alveg samviskulaus gagnvart fórnarlömbum framleiðslu sinnar. En eftir að vera tekinn í gíslingu af hryðjuverkamönnum



og komist undan með því að búa til sína mögnuðustu uppgötvun til þessa, járnrisann, ákveður hann að nota hann til góðs. Þetta er mikil skemmtun, með góðu leikaraúrvali og frábærum tæknibrellum.

### HRÆÐSKREIÐIR BÍLAR- OG ENN MEIRI HRÆÐI



Speed Racer er mynd með mörgum þekktum leikurum á borð við John Goodman, Susan Sarandon, Christina



Ricci og Emile Hirsch í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um 18 ára gamlan pilt sem er kappaksturinn í blóð borinn. Hann lifir fyrir kappakstur og draumur hans er að verða sá fremsti. Þetta er frábær mynd fyrir þá sem vilja sjá flotta bíla og hraða út í gegn.

### INDY SNÝR AFTUR



Ójá, Indiana Jones er kominn aftur í sinni fjórðu mynd, The Crystal Kingdom. Harrison Ford leikur Indy sem fyrr og Karen Allen, sem lék með honum í fyrstu myndinni, leikur gömlu kærustuna hans enn á ný. Ásamt þeim eru



Shia LaBeouf, Cate Blanchett og Ray Winstone í aðalhlutverkum. Er engum greiði gerður með að rekja söguþráðinn en aðdáendur fyrri mynda um Indy og allir unnendur góðra ævintýramynda ættu að fara út á næstu leigu og tékka á þessari. Frábær og pottþétt skemmtun!



Andri

Andri Sveinsson  
Margfaldur Karate meistari

# Til að verða MEISTARI þarftu...

...KRAFT

**NITRO FUSION™**

Fáðu kraft í æfingarnar þínar og komdu þér á næsta stig í styrktarþjálfun og vöðvastækkun! Þetta er engin venjuleg kreatín blanda. Nitro Fusion frá Sci-MX er með innbyggt insúlín stöðugleikakerfi ásamt kreatín flutningskerfi. Það eykur hæfni vöðvasamdráttar og hindrar vöðvaniðurbrot. Allt þetta færðu í einum pakka! Þegar tekið er 20 mínútum fyrir æfingu fer Nitro Fusion™ strax að virka með því að hlaða upp ATP byggðir í vöðvunum. Þannig nærðu hámarks vöðvasamdrætti sem hjálpar þér að byggja upp og auka kraft mjög hratt! Nitro Fusion™ er einnig tekið eftir æfingu til að hámarka endurbata og vernda þig gegn vöðvaniðurbroti. Nitro Fusion™ er blanda af þekktum og margprófuðum vöðvauppbyggjandi þáttum ásamt nýjum háþróaðum efnum sem virka! Nitro Fusion™ þarfnast ekki hleðslu og er fánlegt í gómsætum ávaxtabróðum.

...ORKU

**LEAN GROW EXTREME™**

Uppfylltu aminosýrubörf vöðvanna - byggðu þig upp - fáðu orku fyrir æfingarnar þínar! Sci-MX Lean Grow Extreme™ inniheldur 53 grömm af vöðvauppbyggjandi GRS-5™ próteini og hlutfallslega lítið af kolvetnum til að veita þér aukna orku á æfingum. Í þessari öfluglu blöndu færðu einnig mikið magn af BCAA, glútamíni, peptíðtengdu glútamíni, argíníni og frábæra vítamínblöndu. Lean Grow Extreme™ inniheldur bæði prótein með hraða og hæga upptöku í réttum hlutföllum með því hlutverki að halda stanslausu flæði aminosýra í gangi allan daginn, hækka magn niturs og halda löngun í ruslfæði í skefjum. Fánlegt með súkkulaði-, vanillu- og jarðaberjabragði.

...OLÍU

**TRI-OMEGA EFA™**

Þú þarft á réttri olíu að halda ef þú vilt ná hámarksafköstum, það er staðreynd! Ef þú ert að æfa af krafti og býrð ekki á hitabeltiseyju borðandi ferskan fisk, lífrænt ræktað grænmeti og ávexti alla daga getur þig auðveldlega vantað EFA (lífsnauðsynlegar fitusýrur). Þær fitusýrur sem þú finnur í hinu háþróaða Sci-MX Tri-Omega EFA™ koma úr fiskiolíu, kvöldvorrósarolíu, hörfræjaolíu og sólberjaolíu og innihalda þær hinar þýðingarmiklu EPA, DHA, GLA og ALA gerðir af fitu sem eru gríðarlega mikilvægar fyrir vöðvavöxt, hormónaframlæðslu, stjórna á líkamsfitu, efnaskipti, næringarflutning, heilbrigða húð og margt fleira. Ef þú stefnir á toppinn skaltu ekki gleyma oliunni!

**Sci-MX**  
NUTRITION

Meðlimur ESSNA  
(European Specialist Sports Nutrition Alliance)

Á netinu:  
[www.logi.is](http://www.logi.is)

Sci-MX Söluáðilar:

**Líkami&Lífsstíll**  
SPÖNGINNI - SÍMI 557 3600


**Curves**

**HIO**  
SPORT & SPA

**Studio**  
Dan

**BILAAPÓTEK**  
Lyfjavals





## Enn eitt meistarastykki

Nú geta allir sem kunna að meta góðar myndir brosað út að eyrum. Jú, Coen-bræður eru komnir með nýja mynd en myndir þeirra teljast einfaldlega meistarastykki. Meðal þeirra má nefna *Blood Simple*, *Fargo*, *O Brother Where Art Thou?*, *The Big Lebowski*, *Miller's Crossing* o.s.frv. Nýjasta afurð þeirra heitir *Burn After Reading* og fjallar um einkabjálfa sem finnur geisladisk með gögnum sem hann telur mjög leynileg. Hann og vinkona hans reyna að kúga fé út úr eigandanum sem er fyrrum leyniþjónustumaður og þá upphefst mikil og ófyrirsjáanleg atburðarás.

Fyrir utan skemmtilega söguþræði er það umfram allt snilldarleg persónusköpun þeirra bræðra sem einkennir hverja mynd. Sjaldan er lögð jafnmikil vinna í hverja einustu persónu og bræðurnir gera í myndum sínum. Hvort sem þær eru grunnhyggjar, jafnvel heimskar, snillingar eða kaldrifjaðir morðingjar, þá standa þær upp úr. Eftir síðustu mynd Coen-bræðra, *No Country for Old Men*, ákváðu þeir að gera eina í léttari kantinum. Þeim er það reyndar einkar lagið eins og sést best á *Big Lebowski* en sú mynd hefur fengið nokkurs konar „cultstatus“ og haldnar eru keilukeppnir þar sem fólk kemur klætt í gervi persónanna og rúllar keilukúlum. Þannig er það nú reyndar með fleiri Coen-myndir því *Fargo* og *O Brother Where Art Thou?* eiga sína

aðdáendur sem gjarnan koma saman og horfa á þær reglulega. Það er því allt eins líklegt að *Burn After Reading* eigi eftir að ná viðlíka vinsældum. Að minnsta kosti geta menn verið nokkuð vissir um að hún verður jafnklassísk og aðrar kvímyndir þessara mögnuðu bræðra.

Að þessu sinni fengu þeir til liðs við sig bæði gamla og nýja samstarfsfélaga. George Clooney sem var í *O Brother Where Art Thou* og *Intolerable Cruelty* og Frances McDormand úr *Fargo* og *The Man Who wasn't There* sem reyndar er gift Joel Coen. Hins vegar hafa þeir Brad Pitt og John Malkovich ekki komið við sögu í sköpunarverkum þeirra bræðra áður en auk þeirra er Tilda Swinton í stóru hlutverki svo leikaraliðið er frábært! Allir á bió að sjá þessa!

## Ævintýralegur flótti



*Rescue Dawn* er einkar vönduð mynd, byggð á sönnum atburðum. Hún segir frá orrustuflugmanni, Dieter Dengler, sem er skotinn niður yfir Laos í Suðaustur-Asíu í sinni fyrstu ferð. Hann er tekinn til fanga af skæruliðum sem flytja hann í litlar fangabúðir þar sem fyrir eru nokkrir aðrir stríðsfangar. Sæta þeir mjög slæmri meðferð og sumir þeirra fara að bugast. En Dieter neitar

að gefast upp og sýnir mikið þrek og hugrekki í baráttunni við að halda geðheilsu sinni sem þeir hinir hafa smátt og smátt tapað.

Matur er af skornum skammti í búðunum vegna stöðugra loftárása Bandaríkjamanna á svæðið en þegar fangarnir komast að því að fangaverðirnir ætla sér að drepa þá ákveður Dieter að flýja og telur hina á að koma með sér. Samstaðan í hópnum er hins vegar engin og hann liðast í sundur. Þeir tveir sem eftir eru komast að því að frumskógurinn er þeirra verstí óvinur og áður en yfir lýkur þurfa þeir á allri sinni sjálfsbjargarviðleitni og útsjónarsemi að halda.

Dieter Dengler er velþekkt persóna í Bandaríkjunum. Hann er fæddur í smábæ í Þýskalandi þar sem faðir hans og afi voru þekktir fyrir hugrekki. Afinn var hneptur í fangabúðir nasista fyrir það eitt að vera eini maðurinn í þorpinu sem neitaði að greiða Hitler atkvæði sitt en faðir hans var stríðshetja sem lést í seinni heimstyrjöldinni. Dieter dreymdi um að verða flugmaður og því lagði hann land undir fót aðeins átján ára gamall og komst til New York þar sem hann lifði á götunni um hríð. Hann gekk í flugherinn og sótti síðan um og fékk flutning í flugdeild bandaríska flotans. Þegar vél hans laskaðist í flugi tókst honum að nauðlenda en ekki að gera leitarþryllunni aðvart, daginn eftir, um hvar hann væri að finna. Skæruliðar í skóginum fundu hann og tóku til fanga. Í fangabúðunum kynntast hann tveimur öðrum bandarískum hermönnum og þremur tailenskum borgurum sem höfðu unnið með Bandaríkjamönnum. Flótti þeirra varð frægur en auk Dieters komst einn Tailendinganna af. Sá var handtekinn aftur og fluttur í aðrar fangabúðir. Dieter fannst eftir tuttugu og þriggja daga þvæling um skóga Laos nær dauða en lífi. Af hreysti þessa manns fara miklar sögur og þegar hann var skotinn niður sögðust félagar hans í herdeildinni hafa verið sannfærðir um að hann myndi skila sér því hæfni hans við að bjarga sér við erfiðustu aðstæður meðan á þjálfun þeirra stóð var alþekkt. Dieter hætti í hernum eftir að tíma hans lauk og starfaði eftir það sem flugmaður, fyrst í almennu flugi en síðar sem reynsluflugmaður þar sem hann var látinn prófa hversu vel hinar ýmsu flugvélategundir stæðust hröp og slysfarir.

Hinn magnaði leikari Christian Bale (*Batman begins*, *Harsh times*, *American Psycho*) fer með hlutverk Dieters en Steve Zahn (*Evil Woman*, *Daddy Daycare*) leikur hitt aðalhlutverkið. Bale er mikill atvinnumaður þegar kemur að leiklist og undirbýr sig afar vel fyrir hvert hlutverk. Létti hann sig mikið fyrir þessa mynd rétt eins og fyrir myndina *The Machinist* (sem allir aðdáendur óvenjulegra og góðra mynda ættu að kíkja á). *Rescue Dawn* er einkar vel leikin og gæðamynd í alla staði.



**VERTU UPP Á ÞITT BESTA Í DAG  
MEÐ GILLETTE FUSION.**

Byrjaðu daginn í dag fullur af sjálfstraustinu  
sem þú færð frá þægilegasta rakstri Gillette.\*

5 blöð sem liggja þétt upp við hvort annað og veita ótrúlega  
þægilegan rakstur, auk nákvæms snyrtis fyrir erfiðu svæðin.

[gillettefusion.com](http://gillettefusion.com)

**Gillette®**



**Besti raksturinn<sup>z</sup>**

\*Á meðal handvirkra rakvéla







## LEIKUR MÁNAÐARINS FIFA 09



**TEGUND:** Íþróttaleikur

**ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum

Í Fifa 09 er búið að breyta og bæta við 250 fidusum til þess að gera leikinn enn raunverulegri og skemmtilegri. Í þessum Fifa leik getur þú spilað leikinn í þínum eigin stíl og eins og hentar hæfni þinni í knattspyrnu. Fifa 09 er gefinn út fyrir Nintendo, DS, Wii, PC, Xbox og Playstation 2,3 og Portable.

Hann fæst á PS3, PS2, Xbox360, Wii og NDS



## Í TÖLVUNNI

### THE MUMMY: TOMB OF THE DRAGON EMPEROR



**TEGUND:** Ævintýraleikur

**ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum



Leikurinn er gerður eftir þriðju Mummy-myndinni. Þú ert í hlutverki Rick O'Connell og getur einnig verið Alex sonur hans. Þeir verða að hindra hinn illa Emperor Han frá því að byggja upp Terracotta-herinn svo að hann nái ekki að leggja heiminn í rúst.

Ævintýrið byrjar í fornum grafhýsum en færir sig síðan til Himalaya-fjalla og Kínamúrins. Leikurinn er gefinn út fyrir Wii, Playstation og Nintendo DS

### BATMAN LEGO



**TEGUND:** Ævintýraleikur

**ALDURSTAKMARK:** Leyfður öllum aldurshópum



Batman Lego er svipaður og Lego Star Wars-leikirnir. Þú ert auðvitað í hlutverki Batmans sem hefur Robin sem hjálparhelli og þeir keppast við að viðhalda lögum og reglu í Gotham City. Allir helstu óvinir Batmans hafa sloppið út af

geðspítalanum Arkham Asylum, svo sem Jokerinn, Penguin, The Riddler, Two Face og fleiri. Batman þarf því aldeilis að keppast við að koma þeim aftur inn á hælið þar sem þeir eiga heima. Leikurinn er gefinn út fyrir PS2, PS3, PC, PSP, Wii, XBOX 360 og NDS.

### STAR WARS FORCE UNLEASHED



**TEGUND:** Bardagaleikur

**ALDURSTAKMARK:** 18 ár



Vetrarbrautin er nú orðið ögn nálægari og persónulegri en áður. Ný grafikvél gerir leikinn ótrúlega raunverulegan og þú getur leikið áður óþekkt hlutverk og notfært þér The Force út

í ystu æsar. Leikurinn er gefinn út fyrir PS2, PSP, XBOX 360, DS og Wii.



# GADGET

*Stöf sem gaman væri að eiga*

## **HP MediaSmart server EX470**

Allir á heimilinu geyma efni þarna inni og hafa aðgang að þessum sniðuga server. Síðan er hægt er að nálgast allt þetta efni á Netinu með því einu að fara í gegnum Remotely Access. HP Media Smart Server tekur Backup af öllum vélum og ef þær hrynja þá er hægt að keyra þær upp aftur á léttan hátt. Þetta er gripur sem vert er að skoða betur.



## **Lightning Reaction Extreme**

Bjódðu félagunum heim í rafmagnaðan leik. Sá sem er fyrstur að þrýsta á takkann kemst hjá því að fá raflost. Stilla má tækið á tvo styrkleika og auðvitað er spennandi að reyna við þann meiri. Skalarir eru sem sagt ÆÆÆ ÆÆÆÆÆÆÆ. Leikur fyrir fjóra hugrakka vini fjórtán ára og eldri. Fæst á [www.gadgets.co.uk](http://www.gadgets.co.uk).

## **Kingston DataTraveler Mini Slim**

Kingston DataTraveler Mini Slim er mjög lítill minnislykill sem gaman er að skoða. Flestir kannast við að vera með nokkra minnislykla í vasanum en þessi er það lítill að hægt að koma honum fyrir í veski. Hann er þannig hannaður að hann er mjög þunnur og léttur en hann er ekki mikið stærri en tíu krónu mynt. Þennan lykil er hægt að fá í nokkur litum eins og svörtum, bleikum og bláum. Hann fæst 2- og 4 gb.



## **HP MiniNote 2133**

Litla vélin frá HP hefur verið að gera það gott og þykir með bestu vélum af þessari stærð sem eru á markaðnum. Þessi vél er úr áli og þar af leiðandi mjög sterk þ.e. af lítilli vél að vera. Hún er komin með 2 gb vinnsluminni og því farin að skila góðum afköstum. Hún er með góða tengimöguleika en í henni er ExpressCard, USB 2.0, VGA, tengi f. hjóðnema og heyrnartól, Firewire (1394a), RJ-45. Enn eitt sem þessi litli gripur er með er N staðlað netkort og innbyggð vefmyndavél.

# VINDMYLLUR, BANG & OLUFSEN OG ELDHÚSINNRETTINGAR

Timothy Jacob Jensen stýrir einu framsæknasta hönnunarfyrirtæki heims, Jacob Jensen. Það er nefnt eftir stofnanda fyrirtækisins, Jacob Jensen sem er reyndar faðir hans. Feðgarnir eru meðal fremstu hönnuða samtímans og flest höfum við notað, handleikið eða bara dáðst að hönnun þeirra og látið okkur dreyma. Ein nýjasta rósín í hnappagat Jacobs Jensen er hönnun á bað- og eldhúsinnréttingum fyrir lifa design.

Timothy Jacob Jensen sótti Ísland heim í lok ágúst. Tílefni heimsóknarinnar var opnun stórglæsilegs lifa design sýningarsalar í Byko í Breiddinni. Einnig hélt hann fyrirlestur í Salnum í Kópavogi um lífið, listina og hönnunina. Anna Lilja Þórisdóttir brá sér í Byko og settist niður með þessum fjölhæfa og lífsglaða Dana. Umkringd einstakri lifa design hönnun ræddu þau um lífið, tilveruna og ekki síst hönnun.



## UPPHAFIÐ

Jacob Jensen fæddist árið 1926 og ólst upp á Vesterbro í Kaupmannahöfn. Sonur húsgagnabólstara og ekkert var sjálfsgaðara en að hann fetaði í fótspor föður síns. Sem hann gerði. Stólar sem Jacob hannaði vöktu athygli og í framhaldi af því var honum boðin skólavist í lista- og verkmenntaskóla Kaupmannahafnar. Þar hóf hann nám í húsgagnadeild og naut leiðsagnar margra fremstu hönnuða þess tíma. Meðan á skólavistinni stóð var tekin upp kennsla í iðnhönnun, sem Jacob fékk strax mikinn áhuga á. Að skólavist lokinni réð hann sig til starfa á hönnunarstofunni Bernadotte og Björn. Jacob Jensen á heidurinn af mest seldu hönnun stofunnar, svonefndri Margrethe skál sem ennþá er í framleiðslu og hafa yfir fjórar milljónir skála selst víða um heim. Jacob Jensen starfaði um tíma í Bandaríkjunum og árið 1958 stofnaði hann eigin hönnunarstofu. Fyrstu árin var hún staðsett í Kaupmannahöfn og nágrenni en fljótlega flutti hann starfseminu til Norður-Jótlands þar sem hún er staðsett enn þann dag í dag. Hugsanlega átti samstarfið við Bang og Olufsen einhvern þátt í flutningunum því höfuðstöðvar þeirra voru í næsta nágrenni. Samstarfið hófst árið 1964 og varði allt til ársins 1991. Á þeim tíma hannaði Jacob Jensen á þriðja hundrað tækja fyrir Bang og Olufsen og óhætt er að segja að sú hönnun hafi haft gífurlega mikil áhrif á hönnun hljómtækja og ekki síður hönnun í víðasta skilningi.

## Í VINNU HJÁ PABBA FYRIR HUNDRÆÐ KRÓNUR Á DAG

Timothy Jacob Jensen hóf ungur störf við hönnunarfyrirtæki föður síns, einungis sextán ára gamall. „Ég hafði lítinn áhuga á námi, vildi helst gera sem minnst,” segir Timothy Jacob. „En ég

fékk ekki að komast upp með það og pabbi réð mig í vinnu fyrir hundrað krónur á dag sem voru sömu laun og vinir mínir voru að fá á öðrum vinnustöðum. Fyrsta daginn teiknaði ég lóðrétt strik allan daginn, annan daginn teiknaði ég lárétt strik og þann þriðja teiknaði ég hringi. Ég get nú ekki sagt að ég hafi skemmt mér neitt stórkostlega vel.” Þetta var árið 1978, þremur árum síðar lagðist faðirinn í siglingar um víða veröld og þá tók hinn ungi Timothy Jacob við starfseminni. Eftir nokkur ár stofnaði hann eigin hönnunarstofu í Kaupmannahöfn. Það entist ekki lengi, sjálfur segir hann að ys og þys stórborgarinnar hafi heft sköpunargáfuna. Hann skellti bakpoka á bakið, ferðaðist víða og starfaði á hönnunarstofum á Ítalíu og í Ástralíu, þar sem hann segist hafa íhugað að setjast að. En heimahagar lokkuðu, hann flutti aftur til Danmerkur og tók við fyrirtæki föður síns árið 1990. Í dag starfar Timothy Jacob sem yfirhönnuður og forstjóri ásamt því að eiga meirihlutann í fyrirtækinu. Fyrirækið hefur fært út kvíarnar undir stjórn hans og skiptist nú í tvö svið, annars vegar Jacob Jensen design og hins vegar Jacob Jensen brand. Hið síðarnefnda starfar með framleiðendum og öðrum hönnuðum að ýmsum vörum sem bera nafn Jacobs Jensen.

## ENGINN NENNTI AÐ MUNA NAFNIÐ MITT

En hvernig er að feta í fótspor föður síns, lifandi godsagnar? „Þegar ég byrjaði að starfa í fyrirtækinu, þá var ég alltaf kynntur sem sonur föður míns. Það nennti enginn að muna nafnið mitt. Auðvitað var þetta erfitt. Það ríkti almenn svartsýni um að ég tæki við fyrirtækinu og því spáð að ég myndi setja það á hausinn á mettíma. En þeir sem þannig töluðu þekkja mig ekki; slíkt umtal virkar sem hvatning fyrir mig og ég varð ennþá ákveðnari í að láta þetta ganga vel. Fljótlega fékk ég það verkefni að hanna



*„Þetta snýst allt um að skapa fegurð. Ég held að ég og aðrir hönnuðir sem hanna fallega hluti stuðli að því að fólki líði betur.“*



eldhústæki fyrir þýska fyrirtækið Gaggenau. Það gekk einstaklega vel og gaf mér mikið sjálfstraust. Það var þá sem fólk áttaði sig á því að ég var í þessu af alvöru.” En kom aldrei neitt annað starf til greina? „Nei, eiginlega ekki. Annars starfaði ég í sirkusnum skeið og það var alveg ótrúleg upplifun. Að koma fram í þeim tilgangi að skemmta fólki og láta það hlægja er frábær tilfinning,” segir Timothy Jacob. Sérsvið hans í sirkusnum var boltakast og hann fullyrðir að hann hafi litlu gleymt, þrátt fyrir að nokkuð sé um liðið frá sirkusárunum. Blaðamaður lætur efa sinn í ljós en viðmælandi grípur þá plastappelsínur úr skál og fer að kasta þeim hátt upp í loft af miklum móð, máli sínu til stuðnings og viðstöddum til ómældrar gleði. Blaðamaður biðst forláts á vantrú sinni á hæfileikum viðmælandans og viðtalið heldur áfram. „Auðvitað hafði það afgerandi áhrif á starfsval mitt að pabbi minn var hönnuður,” segir Timothy Jacob. „Ég var svo sem ekki alltaf að hanna og búa til hluti þegar ég var barn en ég var vægast sagt ákaflega uppátækjasamur og datt ýmislegt í hug. Og ég fékk að komast upp með það. Það er mikilvægt. Sumir myndu kannski segja að við systkinin hefðum fengið frjálst uppeldi. Einu reglurnar sem giltu á heimilinu voru Kardimommulögin; „Engum sæmir aðra svikja, allan sóma stunda ber. Annars geta menn bara lifað og leikið sér.” (úr íslenskri þýðingu Kristjáns frá Djúpalæk á Kardimommubænum eftir Thorbjörn Egner). Okkur var kennt að koma vel fram við annað fólk og trú á okkur sjálf og ég held að það sé það allra besta sem foreldrar geta gefið börnunum sínum. Það virkaði að minnsta kosti vel fyrir mig.”

#### **EINFALDLEIKINN ER ÖRVANDI**

Talið berst að staðsetningu hönnunarstofunnar, en hún er síður en svo í alfaraleið, á fáfarinni strönd á Norður-Jótlendi. Væri ekki eðlilegast að hönnunarstofa á heimsmælikvarða væri staðsett í hringiðunni og mannmergðinni þar sem hlutirnir gerast? „Nei, alls ekki,” segir Timothy Jacob ákveðinn. „Ímyndaðu þér að þú sért að keyra bíl og síminn þinn hringir. Þú ferð að tala í hann og hvað gerist? Þú hættir að einbeita þér að akstrinum. Og allir vita hvernig það er að horfa á sjónvarp og eiga samtál á sama tíma. Vonlaust! Það sama gildir um hönnunina. Það er svo mikil mengun í þéttbýli og þá er ég ekki að tala um útblástur frá bílum, það er einfaldlega allt of mikið að gerast til að hægt sé að einbeita sér. Einfaldleikinn er örvandi. Og ég blæs á allt tal um



einangrun, ég er enga stund að komast á alla þá staði sem ég vil fara á og ég er ekkert lengur að komast á Internetið en fólk sem býr í þéttbýli. Það er örugglega engin tilviljun að þær hönnunarstofur sem njóta mestrar velgengni erum við og Porsche sem er líka staðsett utan þéttbýlis.”

## LIFA INNRÉTTINGARNAR - TIL MARGRA HLUTA NYTSAMLEGAR

Fátt er Jacob Jensen óviðkomandi en fyrirtækið hefur hannað hina ýmsu hluti, þar á meðal merki danska sósíaldemókrataflokkans, hringtorg, tannlæknastóla, úr, síma og alls konar fylgihluti fyrir þá, húsgögn, eldhúsinnréttingar, hljómtæki, eldhúsáhöld, gleraugu, vindmyllur, leikföng fyrir LEGO og svo mætti lengi telja. Einnig var Jacob Jensen aðalhönnuður Bang og Olufsen hljómtækja um margra ára skeið. Þetta eru ólíkir hlutir sem gegna ólíku hlutverki en er eitthvað sem öll þessi hönnun á sameiginlegt? „Hmmm,” Timothy Jacob tekur sér umhugsunartíma, „Já, það er eitt sem þeir eiga allir sameiginlegt; þeir eru allir vel hannaðir. Annars sé ég mitt starf fyrir mér sem áskorun. Ég stefni stanslaust að því að gera betur og það á að vera krefjandi. Mín skoðun er sú að ef ég hef virkilega mikið fyrir hlutunum, þá verður útkoman fallegir hlutir sem endast. Og það er það sem þetta snýst allt um; að skapa fegurð. Ég held að ég og aðrir hönnuðir sem hanna fallega hluti stuðli að því að fólk líði betur. Þetta snýst líka um líffræði. Það er í eðli mannsins að vilja heilla aðra, bæði með okkur sjálfum og líka með því sem við höfum valið að eiga, hvort sem það er meðvitað eða ómeðvitað. Góður matur, falleg tónlist, fallegir hlutir, hreint loft og ekki síst gott kynlíf gerir okkur glöð.” Hér telur blaðamaður þörf á að skjóta því inn að á áðurnefndum fyrirlestri nefndi Timothy Jacob að einn af kostum lifa design innréttinganna væri að þær væru dýpri en aðrar innréttingar og því hægara um vik að stunda kynlíf í eldhúsinu. En kostir innréttinganna eru fleiri og þær hafa vakið athygli fyrir einstaka hönnun og sérlega góða nýtingu á plássi. Nafn innréttinganna, lifa, er tekið úr fornnorrænu og þýðir einfaldlega að lifa á íslensku. Það vísar til þess að eldhúsið er miðstöð heimilislífsins. „Enska orðið „Living room” þýðir „stofa” á dönsku. Það ætti í rauninni að útleggjast sem eldhús, því það er það herbergi þar sem við lifum lífinu og þar sem við tökum á móti fólki,” segir Timothy Jacob. Óhætt er að segja að lifa design innréttingarnar bjóði upp á ýmsar lausnir sem sjaldan sjást í innréttingum, til dæmis er hægt að fá innréttingarnar með stjórnstöð þaðan sem stýra má öllum tækjunum í eldhúsinu. Innréttingarnar hafa hlotið verðskuldaða athygli og Timothy Jacob er afar stoltur af þessari hönnun sinni.

## TAKTU LÍFIÐ EKKI OF ALVARLEGA

Hvað einkennir skandinavíska hönnun að mati Timothy Jacobs? „Fyrst og fremst einfaldleiki. Sumir segja að það sé vegna þess að efniviður var áður fyrir af svo skornum skammti að það þurfti að nýta allt hráefni ákaflega vel. En þar fyrir utan, þá fyrirfinnst í þessum heimshluta eitt hæsta stig siðmenningar. Með því á ég við velferðarkerfið og aðstæður fólks. Það ríkir meira jafnræði en annars staðar í heiminum og við slíkar aðstæður verður til ákveðinn hugsunarháttur sem getur leitt af sér góða hönnun og aðra list.” Timothy segir að faðir hans hafi tileinkað sér ákveðið viðhorf til lífsins sem hafi haft áhrif á öll hans störf. „Þegar ég var unglingur áttaði ég mig skyndilega á því að líklega væri pabbi minn ekki ódauðlegur, ekkert frekar en annað fólk. Því taldi ég vissara að fá hjá honum einhverja lífsspeki, því hann gæti jú í sjálfu sér lokið sinni jarðvist hvenær sem var. Hann svaraði: „Eina ráðið sem ég get gefið þér er að taka lífið ekki of alvarlega.” Og ég hef reynt að halda það í heiðri. Með því á ég ekki við að vera kærulaus og rækja ekki skyldur mínar, heldur einfaldlega að hafa það að markmiði að skemmta mér. Að hafa gaman af því sem ég er að gera og vonandi skemmta öðrum í leiðinni. Kannski ekki svo frábrugðið sirkusnum.”



„Fyrsta daginn teiknaði ég lóðrétt strík allan daginn, annan daginn teiknaði ég lárétt strík og þann þriðja teiknaði ég hringi.”

## ÞRJÁR STUTTAR SPURNINGAR:

**Hvað hefðirðu viljað hanna sem er búið að hanna?** „Ótal margt. Til dæmis Range Rover Series One, gleraugun mín (sem eru Air titanium frá Lindberg) og kringlóttu hvítu hrísgrjónalampana.”

**Hvað áttu eftir að hanna?** „Vistvæna snekkju. Svo langar mig líka til að hanna húsbát og riffil. Ég myndi aldrei skjóta úr honum, en mér þykja riffilar svo heillandi.”

**Hver er fremstur hönnuða?** „Porsche, ekki spurning.”





PIPAR • SJA • 81940



**HP Pavilion dv5**  
AMD Athlon X2 Duo Core QL-60  
(1,9GHz) örgjövi, 3GB minni,  
breiðtjaldsskjár, 250GB harður diskur,  
DVD skrifari, vefmyndavél.

# Eignastu góða tölvu frekar en lélega regnhlíf...

HP fartölvur virka lengur. Þegar þú kaupir fartölvu frá HP eignastu tölvu sem endist þér vel.

HP eru mest seldu fartölvur í heiminum í dag og njóta fyrsta flokks þjónustu.

**HP – þín framtíð!**



## OPIN KERFI VERSLUN



# „ALLIR SADDIR OG Í FÍNU FÖTUNUM“

*„Hvern hefði grunað að húsmæðraskólastemningin gæti verið svo heillandi?“ Þessi spurning hraut af vörum karlmanns á besta aldri á útgáfutónleikum Sigurðar Guðmundssonar og Memfismafiunnar í sumar. Hugljúf lög sem kveiktu rómantíska dagdrauma og danslöngun hjá ömmum og langömmum okkar gengu í endurnýjun lífdaga og allir skemmtu sér konunglega. Platan Oft spurði ég mömmu rokseldist og heyrst hefur að hugsanlega sé von á fleiru í þessum dúr. Sigurður Guðmundsson segir nokkuð til í þeim orðrómi.*

**Hvað kveikti áhuga þinn á þessum gömlu lögum?**

„Ja, ég veit nú ekki alveg hvað það var sem vakti hann. En þessum lögum hefur nánast verið haldið að manni frá barnsaldri. Fjölskyldan er öll söngelsk, og ég þekki þessi lög flest betur en ýmislegt annað.“

**Er gaman að syngja og spila þessa tegund tónlistar?**


„Já, tvímælalaust, annars værum við ekkert að því. Það er svo þakklátt að spila á þessa leið þegar maður er

að mestu vanur því að allt sé í botni. Memfismafían er ekkert þungarokksband, enginn hávaði og ekkert rugl.“

**Rómantíkin er allsráðandi í textum og melódíum þessa tíma. Ertu rómantískur?**

„Rómantískur, já, ég býst við því. Hugsanlega um of. Á minn hátt, ekki þessi blómakall, en ég hef gaman af að syngja svona lög sem fjalla um glataða ást og brostnar vonir. Þó felli ég yfirleitt ekki tár á meðan.“





Platan ykkar heitir Oft spurði ég mömmu, er einhver sérstök ástæða fyrir þeirri nafngift?

„Ja, nei, engin sérstök ástæða en við Kiddi vorum búnir að velta ýmsu fyrir okkur varðandi titilinn. Okkur fannst einhvern veginn svolítið í períóðunni að titla plötuna einhverjum titli sem væri að mestu óviðkomandi. Oft spurði ég mömmu, er ágætt af því það er einstaklega almennt, en tengist þó efni plötunnar ekki, nema maður hafi einhvern tímann spurt mömmu um hvað einhver textinn þýddi. Sem ég tel frekar líklegt.“

Á plötunni er mjög sérstakur hljómur sem kannski er best lýst þannig að þetta virkar gamalt. Hvernig fóruð þið að því að ná fram þessum hughrifum?

„Við tókum plötuna upp öll saman, þrettán manna hljómsveit minnir mig, þegar mest var. Og notuðum til þess aðferð sem tíðkaðist um árabíl eða allt fram undir 1960.

Allir spila og syngja í einu, eins og verið sé að flytja lagið á tónleikum. Saman rennur þetta svo inn um einn hljóðnema sem stillt er upp í miðjum salnum. Blessunarlega var þetta fyrirtaks hljómsveit því það er ekkert hægt að laga eftirá.“

**Verður áframhald á því að Memfismaffian flytji lög í þessum dúr?**

„Það er aldrei að vita. Ég hafði í það minnsta mjög gaman af að gera þessa plötu, og vonandi fer maður batnandi með tímanum. Svo sú næsta ætti að geta orðið betri en sú fyrri. En ég veit ekki hvenær. Kannski um jólin, það er nú yfirleitt góður tími í svona. Allir í finu fötunum, saddir ossona ...“

Og það er einmitt sú stemning sem endurspeglast í þessum gömlu lögum, allir saddir og sælir. Það er heldur ekki úr vegi að rifja upp gömul dansspor og taka snúning á stofugólfinu við undirspil Sigga og Memfismaffunnar.

Það var mikil ánægja að sjá Shelby-útfærslu af bílnum á götunni um daginn en mér skilst að í þeim bíl séu aksturseiginleikarnir einstakir og fjöðrunin hreint stórkostleg.



# FORD MUSTANG

## V8 4,6L 24 ventla og 300 hestafla

*Ford Mustang er einn þekktasti bíll í heimi og það fer ekki á milli mála að draumur margra ungra sem aldinna er að þeysast um á götum borgarinnar á slíkri vöðvamaskínu. En draumabíllinn sá arna hefur verið framleiddur síðan árið 1964.*

**E**kki er hægt að segja annað en að aksturseiginleikar Mustangs hafi batnað til mikilla muna. Þeir sem ekið hafa eldri útgáfum bílsins voru ekki fullkomlega sáttir við fjöðrunina og aðra aksturseiginleika hans en það hefur ekki skipt máli þar sem „lookið“ og aflið eru það sem Mustang-eigendur hafa fyrst og fremst verið að sækjast eftir og það eru þeir afskaplega ánægðir með.

Nú á dögum er hins vegar komin allt önnur fjöðrun og í bílnum er mikil múkt sem ég reiknaði ekki með þegar ég settist undir stýri til að reynsluaka einum slíkum. Svona bíll í höndunum á manni eins og mér getur verið stórhættulegt tæki þar sem erfitt er að stilla sig um að stiga ekki of fast á bensínpedalann og þrýsta honum of snarpt niður. Krafturinn er slíkur að hann tekur strax við sér og það er stórskemmtilegt. Uppgefin eyðsla fyrir bíllinn sem ég ók var upp á 11.7 l í blönduðum og hröðun uppá 4,9 sekúndur í 100 km/klst.

### ENGIN HÆTTA Á SÓLBRUNA Í MUSTANG

Nú fagnar Ford Mustang fertugasta og fimmta aldursári sínu með því að bjóða bílana með nýju glerþaki sem bílakaupendur geta valið að

fá á V-6 og GT 2009 árgerðunum. Nýr Ford Mustang verður fánlegur með sólþaki sem veitir nánast sömu ánægju og blæjubíll nema hvað sólarvörnin er óþörf.

Í þakrúðunni er UV-sólarvörn sem sjar 90% af innrauðum geislum og 96% útfjólublárra geisla en slík vörn jafnast á við sólarvörn númer 50. Rúðan verndar því bæði farþega og áklæði bílsins fyrir skaðlegum geislum sólar en auk þess dregur hún úr hitamyndun inni í bílnum og minnkar orkunotkun loftkælingarinnar um 20%.

Eigendur Mustangs með glerþaki þurfa þó ekki að óttast ofbirtu eða of mikla athygli gegnum rúðuna því hún er skyggð og hægt er að draga fyrir hana. „Glerþakið veitir viðskiptavinum meira af því sem þeir vilja, sólskini, en verndar þá samtímis gegn skaðlegum áhrifum sólarinnar,“ segir Chester Walawender sem á heiðurinn að hönnun rúðunnar. „Ef menn sækjast eftir minni sól eða meira næði, geta þeir nýtt sér frádraganlega sólskyggnið sem er staðalbúnaður.“

Þessi skemmtilega nýjung kemur í kjölfar neytendakannana sem Ford hefur látið gera á undanförmum árum, þar sem fram kom að mörgum sportbílaeigendum hugnaðist hugmyndin um sólþak vel.



The image features three cans of XIL Energy Drink, each with a blue perforated texture and a large red and white 'XIL' logo. The cans are partially submerged in water, with dynamic splashes and bubbles surrounding them. The text 'Energy Drink' is visible on each can. At the bottom of the cans, there are red banners with the website 'www.xil4you.com' and the volume '250ml'.

**MINNSTI  
SKEMMTI STAÐUR  
Í HEIMI!**

Fæst eingöngu á þjónustustöðvum N1



# Úttekt Hrannars Baldurssonar á kvikmyndum úr VILLLTA VESTRINU

*Vestrar eru sögur um baráttu góðs og ills. Þeir minna á Íslendingasögurnar að því leyti að siðferði vestrans snýst um að viðhalda heiðri og réttlæti. Græðgi og heimska eru oft frumforsendur ójafnvægis í vestrum. Hetjan er oftast yfir græðgi og heimsku hafin og oft skjótari en skugginn að skjóta. Þeir vestrar sem ég tek fyrir rista allir djúpt og af ólíkum ástæðum en umfram allt eru þeir eru góð skemmtun. Þetta eru allt kvikmyndir sem ég get horft á aftur og aftur.*

**BESTU VESTRALEIKSTJÓRARNIR:** John Ford, Sergio Leone og Clint Eastwood

**BESTU VESTRALEIKARARNIR:** John Wayne, Henry Fonda og Clint Eastwood

20. **CAT BALLOU (1965):** Lee Marvin leikur blindfullan byssubófa sem aðstoðar Jane Fonda við að hefna morðsins á föður hennar. Meiri gamanmynd en vestri. Elliot Silverstein leikstýrir.



19. **THE TREASURE OF SIERRA MADRE (1948):** Humphrey Bogart er í fjársjóðsleit í Mexíkó en fyllist ofsóknarbrjálæði þegar líða tekur á söguna. John Huston leikstýrir.



18. **THE OX-BOW INCIDENT (1943):** Sögur berast af griparæningjum sem drepa bónda. Hópi er safnað saman til að elta glæpamennina uppí og þegar þrír menn eru gripnir, eru þeir strax dæmdir af hópnum án dóms og laga. Henry Fonda reynir að berjast fyrir því að þeir fái réttlátan dóm en má sín lítills gegn múgnum. William A. Wellman leikstýrir.



17. **RED RIVER (1948):** John Wayne leikur nautgripabónda sem neyðist til að flytja gifurlega stóra hjörð sína frá Texas til annars fylkis þar sem hann getur fengið betur greitt fyrir hana. Montgomery Clift leikur fösturson hans sem styður hann gegnum þykkt og þunnt, þar til John

Wayne gengur skrefi of langt og kúrekarnir gera uppreisn gegn honum. Andrúmsloft hörkugóðrar kvikmyndar er eyðilagt með kjánalegum endi sem virðist aðeins hafa verið gerður til að þóknast stórstjórninni John Wayne. Howard Hawks leikstýrir.

16. **THE SEARCHERS (1956):** John Wayne leikur kúreka sem hefur verið illa brenndur af borgarastyrjöld og stríði við indíána. Þegar hann kemur heim eftir átökin ræðst indíánaættbálkur á býli bróður hans, og drepur alla nema yngstu dótturina. John Wayne ver mörgum árum í að leita stúlkunnar ásamt ungum manni sem leikinn er af Martin Pawley. Magnaður leikur John Wayne en sumir aukaleikararnir sýna frekar slakan leik sem passar ekki inn í söguna. John Ford leikstýrir.



15. **MY NAME IS NOBODY (1973):** Terrence Hill og Henry Fonda leika í eftirminnilegum vestra eftir sögu Sergio Leone, um ungan byssubófa sem dýrkar og dáir hinn eldri Henry Fonda og býr til vandamál fyrir hann til þess eins að fylgjast með hvernig hann leysir þau. Þegar vandamálin stigmagnast yfir í að verða nánast óyfirstiganleg þurfa þeir að taka höndum saman til að komast lífs af. Tonio Valerii leikstýrir.



14. **THE WILD BUNCH (1969):** Gamlir byssubófar úr villta vestrinu þurfa að takast á við breytta tíma. Frábær persónusköpun og byssubardagar. Sam Peckinpah leikstýrir.

13. **BUTCH CASSIDY AND THE SUNDANCE KID (1969):** Robert Redford og Paul Newman leika í einum eftirminnilegasta vestra allra tíma. Þeir





eru bankaræningjar sem þurfa að flýja til Suður-Ameríku, en í stað þess að hætta ránum sínum, halda þeir áfram að mála sig út í horn þar til þeir eiga enga útkomuleið. George Roy Hill leikstýrir.



**12. MCCABE & MRS. MILLER (1971):** Warren Beatty leikur byssumann og fjárhættuspilara sem sest að í trúverðugasta skítaplássi sem hægt er að ímynda sér í villta vestrinu, og þarf að verjast útsendum stórfyrirtækis sem vilja kaupa af honum reksturinn, ef ekki verður hann drepinn. Það er allt skítugt og alltaf rigning eða snjór, meira að segja í hljóðrásinni. Þó að á stundum fari manni að finnast kvikmyndin frekar dauf, þá glæðist hún heldur betur í lokin með einum best útfærða byssubardaga í sögu vestrans þar sem snjóskafar leika stórt hlutverk. Síðustu tuttugu mínúturnar eru hrein snilld. Robert Altman leikstýrir.



sannur heiðursmaður, væskilslegur sölumaður, snobbaða hástéttarkonan, fulli læknirinn, hugrakki fógetinn, huglausi vagnstjórinn og góðhjartaði byssubófinn. Eitt besta áhættuatriði kvikmyndasögunnar er þegar indíánar ráðast af mikilli heift á hestvagninn á fleygiferð. John Wayne leikur strokufangann Ringo Kid sem tekur sér far með hestvagninum og þarf að komast á áfangastað til að gera upp sín mál við þrjóta sem drápu föður hans og bróður. John Ford leikstýrir.



**9. THE PROPOSITION (2005):** Herfönginginn Stanley (Ray Winstone) handtekur tvo bræður, en þar sem hann veit að elsti bróðir þeirra, Arthur Burns (Danny Huston) er hættulegri en þeir báðir til samans, býður hann Charlie Burns (Guy Pierce) upp á að elta stóra bróður uppi og drepa hann. Í staðinn muni hann sleppa yngsta bróðurnum Mike Burns (Richard Wilson). Charlie þiggur verkefnið en stóra spurningin er hvort og hvernig hann leysir það. John Hillcoat leikstýrir.



**11. SILVERADO (1985):** Kevin Costner, Kevin Kilne, Scott Glenn, Danny Glover, Brian Dennehy og John Cleese fara á kostum í vestra þar sem fjórir útlagar takast á við gjörspilltan fógeta sem er á launum hjá gráðugum landeiganda. Lawrence Kasdan leikstýrir.



**8. A FISTFUL OF DOLLARS (1964):** Nafnlaus byssumaður (Clint Eastwood) ratar inn í bæ þar sem tvö glæpagengi eiga í stríði og valda þorpsbúum endalausum harmi. Nafnlaus maðurinn vingast við kráareiganda sem fræðir hann um gang mála. Öðrum enda bæjarins stjórnar John Baxter (Wolfgang Lukschy) en hinum endanum stjórnar hinn grimmi Ramón Rojo (Gian Maria Volonté). Nafnlaus kúrekinn ákveður að losa bæinn við bæði glæpagengin. Endurgerð á Yojimbo (1961) eftir Akira Kurosawa. Sergio Leone leikstýrir.



**10. STAGECOACH (1939):** Öllum helstu erkitýpum vestranna er troðið í hestvagn sem keyrður er yfir óvinveitt indíánasvæði og allt smellur einfaldlega saman. Þarna er góðhjartaða vændiskonan, spilafíkill sem er



**7. DANCES WITH WOLVES (1990):** John D. Dunbar (Kevin Costner) er sendur á fjarlægum útkjálka í bandaríska borgarastríðinu en þar kynnist hann úlfum og kemst í nána snertingu við indíána. Honum er boðið að verða hluti af indíánaættbálki og þar sem hann er ástfanginn af Stands with a Fist (Mary McDonnell) tekur hann tilboðinu. Málin flækjast þegar herinn kemur á svæðið og John Dunbar þarf að velja á milli stöðu sinnar í hernum og fólksins sem orðið er honum kært. Kevin Costner leikstýrir.



**6. MY DARLING CLEMENTINE (1946):** Wyatt Earp (Henry Fonda) rekur hjörð ásamt þremur bræðrum sínum framhjá bænum Tombstone. Wyatt og tveir bræður hans kíkja í bæinn og skilja þann yngsta eftir hjá hjörðinni. Þegar þeir koma til baka hefur sá yngsti verið myrtur og hjörðinni rænt. Wyatt Earp óskar sama kvöld eftir starfi fógeta í Tombstone og fær starfið, enda mikil óregla í bænum. Bræður hans verða aðstoðarfógetar. Þeir hafa uppi á morðingjunum með aðstoð Doc Holliday (Victor Mature) sem stjórnar rekstri spilavítisins í bænum. John Ford leikstýrir.

**5. HIGH NOON (1952):** Bæjarfógetinn Will Kane (Gary Cooper) fréttir af gömlum óvinum á leið í bæinn með hádegislestinni á brúðkaupsdegi hans og síðasta vinnudegi. Hann ætlaði að flytja úr bænum en ákveður að vera áfram og takast á við byssubófann Frank Miller (Ian MacDonald) frekar en að leyfa honum og hans gengi að ná valdi á bænum og elta hann síðan uppi. Honum að óvörum kemst hann að því að bæjarbúar eru ekki til í að rétta honum hjálparhönd. Á meðan klukkan tifar miskunnarlaust í átt að hádegi rennur upp fyrir Kane að hann mun þurfa að takast á við glæpagengi Frank Miller einn síns liðs. Fred Zimmermann leikstýrir.



**4. 3:10 TO YUMA (2007):** Hinn skuldsetti en stolti bóndi Dan Evans (Christian Bale) verður vitni að ráni á hestvagni ásamt tveimur sonum sínum. Þegar forsprakki ræningjanna, Ben Wade (Russell Crowe) er gripinn í næsta þorpi, tekur Evans að sér það verkefni að fylgja honum til bæjarins Yuma ásamt fríðu föruneyti. Wade hefur margoft verið handtekinn og hefur skipulagt neyðaráætlun sem felur í sér að glæpaflokkurinn nær honum aftur og drepur alla fylgdarmenn hans. Það er mikið í húfi fyrir Dan, því að sonur hans William (Logan Lerman) hefur fylgt hópnum eftir og er nú í bráðri lífshættu ásamt hinum. Dan vill ekki heldur líta út fyrir að vera heigull í augum sonar síns helur gefa honum minningu um föður til framtíðar sem gefst ekki upp þrátt fyrir mótlæti. Hins vegar kemur óvæntur og djúpur skilningur milli Dan og Ben þeim sjálfum í opna skjöldu. Sérstaklega Ben þegar hann uppgötvar að Dan er manneskja sem hann getur borið djúpa virðingu fyrir. Ben Foster er afar góður sem hinn illi Charlie Prince, auk þess að Peter Fonda og Alan Tudyk leika bitastæð aukahlutverk. James Mangold leikstýrir.

**3. THE GOOD, THE BAD, AND THE UGLY (1966):** Blondie (Clint Eastwood), Tuco (Eli Wallach) og Angel Eyes (Lee Van Cleef), leita að dýrmætum fjársjóði á tímum borgarastyrjaldarinnar í Bandaríkjunum. Þeir eru duglegir að svíkja hvern annan til að sigra í kapphlaupinu um hnossið. Það verður ansi spennandi þegar í ljós kemur að Blondie er sá eini sem veit hvar hann er geymdur en geymir leyndarmálið vel. Tónlist Ennio Morricone er meistaraverk. Sergio Leone leikstýri.



**2. ONCE UPON A TIME IN THE WEST (1968):** Dularfullur kúreki með harmoníku (Charles Bronson) gengur í lið með glæpamanninum Cheyenne (Jason Robards) og ekkjunnri Jill (Claudia Cardinale) til að takast á við hinn harðsvíraða fjöldamorðingja Frank (Henry Fonda) sem starfar sem mannaveiðari fyrir járnbrautafyrirtæki. Harmoníkumaðurinn hefur ríkar ástæður til að standa uppi í hárinu á Frank en þær koma ekki í ljós fyrr en í blálökin. Eftirminnilegur harmóníkuleikur frá Ennio Morricone. Sergio Leone leikstýrir.



**1. UNFORGIVEN (1992):** William 'Bill' Munny (Clint Eastwood) er einstæður tveggja barna ekkill og svínabóndi. Reksturinn gengur illa, konan dáin og peningarnir búnir. William liggur í for innan um svínin þegar The Schofield Kid (Jaimz Woolvett) býður honum að fara með sér á mannaveiðar. Tveir kúrekar höfðu skorið vændiskonu í framan, og fengið alltof vægan dóm af fógetanum Little Bill Daggett (Gene Hackman). Vændiskonurnar hafa boðið hverjum þeim sem drepur kúrekana þúsund dollara fyrir verkið. William tekur félagan sinn Ned Logan (Morgan Freeman) með í för en sá kann ýmsar sögur um fortíð svínabóndans. Kemur í ljós að hann var áður einn versti byssubófi villta vestursins, sem naut þess að drepa menn, konur og börn í fyllerísvímu. Smám saman rifjast upp fyrir William hversu illur hann var áður fyrr og verður síðan að taka ákvörðun um það hvort hann vilji kalla aftur fram sitt gamla og illa sjálf eða lífa áfram í fyrirgefningu. Clint Eastwood leikstýrir.





## SÍVINSÆLT SAFÍRGIN

**G**in á rætur sínar að rekja til Hollands. Þar kom það fram á sautjándu öld og uppgötvun þess hefur verið eyrnamerkt efnafræðingnum, Franciscus Sylvius. Framan af var gin selt í lyfjaverslunum og þá sem meðal við til dæmis nýrnaveik, magaverk og gallsteinum. Hróður drykkjarins var hins vegar fljótur að breiðast út og ginið ferðaðist til Englands þar sem það náði miklum vinsældum.

Um miðja átjándu öld var framleiðsla þess orðin sex sinnum meiri en framleiðsla á bjór. Hollenskt gin er töluvert frábrugðið því enska en það hollenska er oft

kallað Jenever og svípar örlítið til viskís. Í breskum nýlendum í austri var ginið drukkið til að fela beiskt bragðið af quinine eða Kínín sem var notað sem vörn gegn malaríu. Kínín var leyst upp í sóðavatni og úr því varð Tonic Water og má því segja að þar hafi hinn vinsæli drykkur gin og tónik verið fundinn upp. Bombay Sapphire er breskt gin en nafnið er lýsandi fyrir vinsældir drykksins í bresku nýlendunum í austri. Bombay Sapphire hefur mikið verið notað í vinsæla kokteila á borð við Martini og Bombay Sapphire Bramble en kokteilar og boð sem nefnd eru eftir þeim falla víst seint úr tísku.



„Leikstjórinn þarf að laða fram það besta í hverjum og einum og samstillta hópinn. Þótt ég sé nú fyrst og fremst leikhússtjóri, þá finnst mér alltaf jafngaman að setjast sjálfur í leikstjórastólinn og þar er minn grunnur, það er á þeim grunni sem allt mitt starf í leikhúsi byggir.“



# FAGIDJÓT AF VERSTU SORT

Snemma beygist krókurinn til þess sem verða vill segir máltækið og í tilfelli Magnúsar Geirs Þórðarsonar Borgarleikhússtjóra tók kengurinn strax á unga aldri að bogna í átt að leikhúsi. Hann lék, leikstýrði og rak leikhús fyrir fermingu og í stað þess að þreytast efldi það löngun hans og áhuga á að gera leiklist að ævistarfi. Magnús Geir stjórnar nú stærsta leikhúsi landsins og hans fyrsta leikár þar fer sannarlega vel af stað.

TEXTI STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR | MYNDIR ARNOLD B. BJÖRNSSON

Þú ert einn af þeim fáu sem vita hvað þeir vilja nánast frá fæðingu. Hvað varstu gamall þegar þú settir barnaleikfélagið á stofn?

„Ja, það er nú svolítið spurning um hvar maður byrjar að telja. Ég hef verið með leikhúsbakteríuna frá því ég man eftir mér og byrjaði barn að leika og leikstýra. Ellefu eða tólf ára vorum við búin að stofnsetja leikhús og farin að setja upp sýningar sjálf. Síðan hefur þetta þróast og leiklistarbakterían ágerst fremur en hitt. Ég á ósköp góðar bernskuminningar frá því stússi öllu saman.“

Flesta krakka dreymir um að verða leikarar en fáa langar að leikstýra eða fara enn hærra í virðingarstigann og stjórna leikhúsum. Dreymdi þig aldrei um að verða bara leikari?

„Jú, leiklistin heillaði mig sem barn en síðan fór ég að fá meiri áhuga á leikstjórn. Um tíma var ekki ljóst hvaða stefnu þetta tæki og hvert ég færi en smátt og smátt náði leikstjórnin yfirhöndinni. Í menntaskóla fann ég að stjórnunarhluti starfsins í leikhúsinu heillaði mig meira svo ég ákvað að læra leikstjórn og er afskaplega ánægður með þá ákvörðun. Ég nýt þess fram í fingurgóma að leikstýra, það er óskaplega skemmtilegt starf. Starf leikstjórans er mjög gefandi og skapandi, sérstaklega þegar samsetning hópsins er rétt og maður er umkringdur hæfileikafólki. Leikstjórinn þarf að laða fram það besta í hverjum og einum og samstillja hópinn. Þótt ég sé nú fyrst og fremst leikhússtjóri, þá finnst mér alltaf jafngaman að setjast sjálfur í leikstjórastólinn og þar er minn grunnur, það er á þeim grunni sem allt mitt starf í leikhúsi byggir.“

## STOLTUR OG ÁNÆGÐUR LEIKHÚSTJÓRI

Sérðu fyrir þér að þú getir leikstýrt í Borgarleikhúsinu meðfram starfi leikhússtjóra?

„Já, það er hugmyndin að ég muni leikstýra einni leiksýningu á ári. Þó ekki fyrsta árið á meðan verið er að koma öllu í gang og keyra í gegn áherslubreytingar og þess háttar. En ég hlakka til að taka eitt gott verkefni á næsta ári.“

Hverjar eru helstar þær áherslubreytingar sem þú hefur hugsað þér að gera?

„Ég kem hér inn í leikhús sem á langa og afar merka sögu. Ég er bæði stoltur og þakklátur fyrir að vera orðinn hluti af henni. Mér er mikill heiður sýndur og legg mig fram um að standa undir væntingum. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur hafa ótal sigrar verið unnir í gegnum tíðina og það eru forréttindi að taka við stærsta og best búna leikhúsi landsins. Starfsmannahópurinn er mjög sterkur og hefur styrkst mikið með nýju fólki sem hefur síðustu mánuði bæst í fríðan hóp sem fyrir var. Við keppumst við að gera Borgarleikhúsið að leikhúsinu þar sem allt er hægt og hugmyndir fá vængi. Borgarleikhúsið á að vera kraftmikið og fjölsótt leikhús þar sem ævintýrin gerast. Til að það megi verða munum við leitast við að höfða til breiðs hóps og eiga í virkum samtölum við samfélagið með því að setja upp verk sem eru fjölbreytt á heildina litið en mjög afgerandi hvert og eitt.“

Magnús Geir og samstarfsmenn hans hyggjast laða stóran hóp fólks að leikhúsinu en leyfa hverju og einu verki að standa fyrir sínu og njóta sín. Hann veit alveg hvernig best er að fara að.

„Samhliða því að setja upp stórar, litríkar og bjartar sýningar eins og Fló á skinni, Söngvaseið og Fólkið í blokkinni sem var frumsýnt í þessum mánuði setjum við upp krefjandi, ögrandi verk sem spyrja áleitinna spurninga og kappkostum að hvert og eitt sé afgerandi á sinn hátt. Við viljum engar málamiðlanir. Meðal verka af þessu tagi í vetur eru Vestrið eina, Rústað og

*„Ég er mikill fjölskyldumaður og samband mitt við fjölskyldu og vini er mér afar mikilvægt. Ég er hins vegar einhleypur og segja má að í augnablikinu sé ég giftur leikhúsinu þótt ekki standi til að ég verði kvæntur því einu alla tíð.“*

Ökutímar, sem hvert um sig eru afar vel skrifuð en ættu að hreyfa virkilega við áhorfendum og hrifa. Við viljum vera afgerandi og óhrædd við að nota allan litaskalann frekar en að vera í grárrí hálfvelju. Þetta er heildartilfinningin sem við viljum að fólk fái af Borgarleikhúsinu, hér ríkir kraftur, gleði og áræðni. Og við viljum láta reyna á þanþolið og ætlum okkur að þenja húsið á alla mögulega vegu.

Auk þess settum við okkur það markmið að fjölga kortagestum í Borgarleikhúsinu þannig að það sé ákveðinn kjarni leikhúsgesta sem hefur mikinn áhuga á leikhúsi og tekur virkan þátt. Til að mæta þessum hópi kynntum við nýtt fyrirkomulag áskriftarkorta þar sem val korthafa er meira en áður. Það er skemmst frá því að segja að viðbrögðin hafa farið fram úr björtustu vonum og aldrei hafa selst fleiri áskriftarkort. Að auki erum við afskaplega stolt af því að geta boðið ungu fólki og námsmönnum áskriftarkort á kjörum sem áður hafa ekki þekkst. Þessi hópur fær áskriftarkortin á hálfvirði og SPRON greiðir mismuninn, þannig að hver leikhúsmiði er í raun á bíóverði. Ég tel þetta vera stórtíðindi í leikhúslífinu og held að þarna sé verið að ryðja úr vegi þröskuldi sem hefur hingað til verið hindrum fyrir ungt fólk sem hefur minna á milli handanna. Þetta er áherslubreyting sem styður við þá stefnu okkar að fjölga yngri gestum í húsinu. Í stað þess að sinna bara börnum með barnasýningum og eldra fólki með öðrum verkum viljum við ná til millihópanna allt frá unglíngum upp í þrítugt til þrjátíu og fimm ára fólk. Einnig leggjum við aukna áherslu á fjölskyldusýningar sem fólk á öllum aldri getur notið.“

## STYTTRI SÝNINGARTÍMI SNARPARA LEIKHÚS

**Það er auðheyrt að leikhústjórinn ungi er fullur áhuga og bjartsýni en hann ætlar að gera fleira.**

„Við ætlum að gera leikhúsið snarpara og „dýnamskara“, bæti hann við og það logar glóð í augum hans. „Hvert verk verður sýnt á styttra tímabili en þéttar meðan á því stendur. Í stað þess að sýna tíu verk í einu sem skiptast á kvöld eftir kvöld og teygjast yfir langan tíma þá fær hvert verk skemmri líftíma en þéttara sýningaplan. Þetta eykur listræn gæði. Sýningin verður heitari og þéttari og listrænum málamiðlunum fækkar. Ljósahönnuðir, leikmyndahönnuðir og búningahönnuðir fá meira svigrúm og þurfa ekki að taka tillit til jafn margra uppsetninga í einu.

Ég tel að fyrirkomulag sem þetta sé mjög heppilegt fyrir leikhúsið og geri það kraftmeira. Áhorfendur þurfa hins vegar að vera á tánum ef þeir ætla ekki að missa af áhugaverðum verkum. Við innleiddum þetta fyrir norðan þegar ég var þar og þar gafst það mjög vel og skilaði góðum árangri. Við bindum vonir við að það sama gerist hér.

Að lokum vil ég líka nefna þá áherslubreytingu að við höfum skapað hverju sviði fyrir sig ákveðna sérstöðu. Hvert svið um sig fær ólíka áferð og tón. Fyrst ber að nefna Stóra sviðið, sem er flaggskipið, það er vettvangur stórra glæsilegra sýninga sem gjarnan höfða til breiðs hóps. Þar verður opinn stór faðmur sem laðar fólkið að okkur.

Á Nýja sviðinu, sem er í raun stór svartur kassi sem hægt er að snúa á hvaða veg sem er, munum við setja á svið áleitnari leikverk og leyfa okkur að spyrja krefjandi spurninga, slá áhorfendur stundum utan undir. Við viljum taka á nútímasamfélagi og taka þátt í umræðunni og varpa upp nýjum flötum. Í vetur verða sýnd mörg verk sem taka á brýnum málefnum. Við munum frumsýna nýtt íslenskt verk sem heitir Útlendingar og tekur á stöðu aðfluttra hér á landi og þar kemur að verki glæsilegur hópur listamanna. Jón Páll Eyjólfsson, Jón Atli Jónsson og Hallur Ingólfsson eru þarna í e.k. heimildaleikhúsvinnu. Þeir hafa verið að taka viðtöl við útlendinga og aðra sem að málum innflytenda koma og munu síðan vinna úr þessum gögnum sýningu sem frumsýnd verður í mars.

Á sama sviði verður sýnt verkið Ökutímar sem hlaut afbragðsviðbrögð fyrir norðan. Það er afskaplega vel skrifað verk þar sem tekið er á miklu samfélagsmeini en á nærfærinn, hlýjan og fallegan hátt. Svona verk getur hreyft við hlutum, haft áhrif út í samfélagið og leitt gott af sér. Leikhúsið getur sannarlega gert það og við viljum taka þátt í því. Nú standa yfir sýningar á Fýsn, leikriti Þórdísar Elvu Backmann sem hlaut fyrstu verðlaun í leikritasamkeppni Borgarleikhússins árið 2006, sannarlega krefjandi og áleitnið leikverk þar á ferðinni.“

## GÓÐ ÁR Á AKUREYRI

**Þetta er framtíðin og hljómar spennandi. En þegar þú lítur til baka yfir árin hjá Leikfélagi Akureyrar hvernig voru þau?**

„Ég átti einstaklega góð ár á Akureyri og ég sakna margs þaðan. Mér var tekið ákaflega vel og eignaðist góða vini. Þetta var ævintýri frá upphafi til enda. Leikhúsið gekk með eindæmum vel og það var ævintýri út af fyrir sig. Ég tók við leikhúsi sem hafði átt í erfiðleikum og fékk til liðs við mig frábæran hóp. Saman mótuðum við stefnu og lögðum upp með nýjar áherslur og áhorfendur flykktu sér um húsið og streymdu í það.





Starfsmannahópurinn í leikhúsinu var eins og ein fjölskylda sem vann vel saman og mikil væntumþykja ríkti innan hópsins. Ég lít til baka yfir þessi fjögur ár og er afskaplega stoltur af leikhúsinu og þeim mörgu framúrskarandi sýningum sem þarna voru sýndar. Og síðast en ekki síst leið mér mjög vel á Akureyri, það er góður bær með skemmtilegu fólki.“

*„Ég er mjög vinnusamur og mitt helsta áhugamál er leikhúsið svo segja má að ég sé fagidjót af verstu sort. Þess utan er ég skíðamaður og hef gaman af að fara í skíðaferðir að vetrarlagi. Ég tek mér oft viku og skíða í fallegu landslagi með góðum vinum.“*

### GLEYMIR STUND OG STAÐ Í LEIKHÚSINU

Stundum er talað um að fréttamenn hafi fréttanef. Þarf leikhússtjóri á svipaðan hátt að nema lykt af leikverkum sem líkleg eru til að slá í gegn?

„Klárlega þarf hann að hafa ríka tilfinningu fyrir verkefnavali og hvaða leikverk eigi erindi. Hlutverk leikhússtjórans er mjög víðtækt. Hann er æðsti starfsmaður leikhússins og stýrir starfsemi í heild sinni en með nánnum og aflmiklum samstarfsmönnum eins og framkvæmdastjóra, listrænum ráðunautum og fleirum. Helsta verkefni leikhússtjóra er einmitt verkefnavalið og kannski það einstaka afmarkaða atriði sem hefur hvað mest áhrif á aðsókn og listrænan árangur leikhússins. Stór hluti tíma míns fer í að sinna þessu verki með því að lesa, fara og sjá sýningar erlendis, taka við hugmyndum og nýjum verkum. Önnur listræn stjórn og mönnum er mikilvæg, almenn stefnumótun og svo að bregðast við ótal málum sem koma upp.“

Hvað verkefnavalið varðar, þá er þetta auðvitað fyrst og fremst spurning um að velja verk sem okkur finnst góð og snerta okkur. En svo þarf líka að meta hvaða erindi hvert verk á við væntanlega áhorfendur og síðast en ekki síst hvernig þetta fellur inn í púsluspil leikársins og hvernig þetta fer með öðrum leiksýningum á sviðum leikhússins.“

Kemur það fyrir að þú fái gæsaþúð af spenningu þegar þú lest yfir handrit?

„Já, svo sannarlega. Maður starfar í leikhúsi af því maður elskar það. Leikhúsið er ástríða. Ég sé ótal sýningar á ári hverju og les enn fleiri handrit. Stór hluti þessara verka er alls ekki nógu góður. Þá lítur maður bara svo á að þetta sé nauðsynlegur hluti vinnunnar og maður einbeitt sér að því sem betra er. En það er alveg sama hvað ég sé margar sýningar og les mörg

verk þá breytist það aldrei að öðru hvoru er maður heillaður og djúpt snortinn. Gleymir öllu sem kalla má faglega skoðun á verkinu og einfaldlega hrífst með, verður líkt og barn sem fer á flug með því sem er á sviðinu. Ég hef alltaf gaman af vinnunni minni en þetta eru stundirnar sem gefa mér hvað mest. Nýlega var ég einmitt á ferð og sá tvær sýningar sem voru þannig að ég gleymdi stund og stað. Það er afskaplega endurnærandi.“

Hið sama á við um verk sem maður les. Ég man þegar ég las Ökutíma að ég kolféll fyrir því. Sama máli gegnir um Rústað eftir Söruh Kane sem við ætlum að sýna í vetur. Það er gríðarlega öflugt, ofsafengið, ögrandi, ljótt og fallett leikrit. Það er verk sem maður situr dolfallinn og les. Ég hef aldrei séð það á sviði og hlakka til að sjá listmennina okkar leysa kraftinn úr læðingi. Milljarðamærin snýr aftur, sem við ætlum að sýna um jólin, er enn eitt dæmið. Þetta er stórt epískt verk með eindæmum vel skrifað. Plottid sjálft er svo listilega fléttu og ástin, hatrid, hefndin og grægðin takast þar á af miklu afli. Og ég hlakka mikið til að sjá einn af mínum uppáhaldsleikstjórum, Kjartan Ragnarsson glæða það lífi á sinn einstaka hátt.“

### LÍF UTAN LEIKHÚSSINS

Magnús Geir þekkti fyrir verkið, Milljarðamærin snýr aftur, því hann leikstýrði því hjá Herranótt fyrir um tíu árum. Síðan þá hefur hann beðið eftir tækifæri til að setja það upp í atvinnuleikhúsi við bestu aðstæður. Nú er tækifærið komið og gaman að sjá hvernig til tekst. Kjartan Ragnarsson mun leikstýra en Magnús segir að hann sé sá leikhúlistamaður íslenskur sem hann líti hvað mest upp til. En er nýi leikhússtjórnin fjölskyldumaður?

„Ég er mikill fjölskyldumaður og samband mitt við fjölskyldu og vini er mér afar mikilvægt. Ég er hins vegar einhleypur og segja má að í augnablikinu sé ég giftur leikhúsinu þótt ekki standi til að ég verði kvæntur því einu alla tíð.“

#### Áttu þér þá líf utan leikhússins?

„Já, já, maður gefur sér reyndar mismikinn tíma í það en vissulega. Ég er mjög vinnusamur og mitt helsta áhugamál er leikhúsið svo segja má að ég sé fagidjót af verstu sort. Þess utan er ég skíðamaður og hef gaman af að fara í skíðaferðir að vetrarlagi. Ég tek mér oft viku og skíða í fallegu landslagi með góðum vinum. Ég hef líka gaman af kvikmyndum og gef mér íðulega tíma til að fara í kvikmyndahús og sjá góðar myndir. Þær eru reyndar nátengdar leikhúsinu en ég hef ekkert farið inn í kvikmyndageirann svo það er meiri hvíld fyrir mig að fara í bíó en leikhús. Að auki er ég duglegur að lesa.“

#### Hvernig slakar þú best á?

„Í góðra vina hópi. Ég á afskaplega góða vini og ég nýt þess mjög að sitja yfir kaffibolla og spjalla um heima og geima.“

#### Að lokum; hvernig leggst veturinn í þig, ertu ánægður eða einhver glímuskjálfti?

„Örugglega sitt lítið af hvoru en fyrst og fremst er ég ótrúlega glaður. Hópurinn hér í húsinu er einstakur. Hér ríkir mikil samheldni og baráttuandi og við ætlum að klífa saman háa tinda. Leikárið er vel undirbúið og við í stakk búin til að hleypa af stað öflugum og góðu leikári. Ég hlakka til að takast á við allar áskoranir en er að sama skapi meðvitaður um ábyrgðina. Þetta leikhús skiptir marga mjög miklu máli, bæði starfsfólk og gesti. Leikhúsið er stór hluti af lífi margra Íslendinga og þeir eru duglegir að fara á sýningar. Þetta snýst allt um að okkur takist að hrífa áhorfendur og það ætlum við okkur.“





## GOTT VÍN MEÐ VILLIBRÁÐ

*Marquez de Arienzo-vínin koma frá Rioja-héraðinu en þaðan hafa ein bestu vín Spánar komið í gegnum tíðina. Agengasta þrúgan í Rioja er Tempranillo og þótt það séu fleiri þrúgur í héraðinu eru þær ræktaðar í mun minna mæli. Þessi tilteknu vín eru ákaflega fjölbreytt og góð. Það má segja að þau passi vel með flestu kjöti og hátíðamáltíðir eru þar ekki undanskildar.*

### Tempranillo Þrúgan

Tempranillo er algengasta þrúgan á Spáni og samofin góðum spænskum vínum. Þrúgan þroskast yfirleitt snemma og nafnið Tempranillo þýðir snemma. Þrúgan gengur einnig undir nöfnunum Aragones, Tinto Fino, Tinto del País, Tinta de Toro, Tinto de Madrid, Tinta Roriz, Ull de llebre og Cencibel. Úr þessari þrúgu eru yfirleitt unnin vín með djúpum lit og ekki of miklu áfengismagni, en þau geta elst vel án þess að tapa of miklum lit. Vín úr þessari þrúgu hafa ávaxtailm og -bragð, ekki of mikla síru og sum þeirra bera bragð og ilm af kryddum og rauðum ávöxtum

TEXTI: STEFÁN ÖRN ÞÓRISSON



## MARQUES DE ARIENZO

Rioja Alavesa  
DOMECQ

### Marquez de Arienzo Gran Reserva

**Þrúgur:** Tempranillo

**Litur:** Glansandi rúbín með eikartóni

**Ilmur:** Þroskaðir ávextir og fínlegt krydd.

**Bragð:** Frekar flókið vín sem gefur mikið af sér. Töluverður pipar, negull og fínleg eik.

Fullkomið með villibráð, t.d. rjúpu, gæs eða hreindýri.

**Verð:** 2193,-

### Marquez de Arienzo Reserva

**Þrúgur:** 95% Tempranillo, 5% Mazuelo

**Litur:** Dumb- og kirsuberjarauður

**Ilmur:** Eik og krydduð vanilla.

**Bragð:** Þægileg flauelsáferð og sérlega mjúkt og aðgengilegt.

Gott með ljósu og rauðu kjöti, grillsteikum og villibráð

**Verð:** 1693,-



Áhugi Íslendinga á dansi hefur farið vaxandi á undanförunum árum og er það ekki hvað síst að þakka frumlegum og skemmtilegum sýningum Íslenska dansflokksins. Í október setur flokkurinn á svið fjögur ný verk eftir nokkra af okkar fremstu danshöfundum. Einn þeirra er Gunnlaugur Egilsson dansari og danshöfundur hjá Konunglega ballettinum í Stokkhólmi. Lítið hefur sést til hans hér heima eftir að hann hleypti heimdraganum ungur að árum svo spennandi verður að sjá Djöflafúgu hans túlkaði á sviði Borgarleikhússins.

## ÓÐUR TIL SKUGGANS

Gunnlaugur er sonur Tinnu Gunnlaugsdóttur, Þjóðleikhússtjóra og Egils Ólafssonar tónlistarmanns. Hann býr í Stokkhólmi en hefur líka unnið sem dansari í Kanada og Sviss. Maðurinn er ekki gamall svo það er með ólíkindum hvað honum hefur tekist að afreka. Hvað hefur þú búið úti lengi?

„Ég flutti til Stokkhólms þegar ég var milli sextán og sautján ára,“ segir Gunnlaugur. „Síðustu sex árin hef ég hins vegar verið æviráðinn hjá Konunglega sænska ballettinum og undanfarin tvö ár hef ég samið dansverk og sett upp tvær stórar sýningar hjá þeim. Þar fyrir utan hef ég sett upp mörg minni verk bæði einn og sjálfur og í samvinnu við aðra bæði innan leikhússins og utan þess. Hingað kom ég síðast árið 2006 og samdi fyrir Danssmiðju Íslenska dansflokksins í samvinnu við Listaháskólann og Þjóðleikhúsið.“

Það er óvenjulegt að íslenskir unglingar flytji að heiman svo ungir að árum og hvað þá til útlanda. Hvernig stóð á því að þú ákvaðst að fara svona ungur?

„Annað hvort var að hætta að dansa eða fara eitthvað og læra meira. Ísland er lítið samfélag og hér voru fáir karldansarar. Ég tók því þessa ákvörðun.“

### ÆVIRÁÐINN HJÁ KONUNGLEGA SÆNSKA BALLETTINUM

Foreldrar Gunnlaugs er bæði listamenn sem væntanlega hefur hjálpað þegar hann kynnti þeim áform sín en varla hefur þeim litist vel á þau að minnsta kosti svona til að byrja með?

„Audvitað er erfitt að einhver vilji fara út svona ungur en þau studdu mig í þessu. Þau bjuggust, held ég, við því að ef ekki gengi kæmi ég heim eftir eitt eða tvö ár búinn að prófa þetta og reynslunni ríkari.“

Allt gekk hins vegar eins og í sögu og Gunnlaugur er æviráðinn hjá Konunglega ballettinum í Svíþjóð. Slíkar stöður liggja ekki á lausu og margir um hituna. Er ekki fremur óalgengt að menn fái ráðningu jafnsnemma og í þínu tilvikinu?

„Jú, það er frekar erfitt að fá stöðu. Maður þarf að fara í gegnum mörg nálaraugu,“ segir Gunnlaugur og brosir.

Hann er nýkominn úr sýningarferð sænska ballettsins til Kína sem hafði mikil áhrif á hann.



„Meðal annars sýndum við í stærsta dansleikhúsi í heimi og það var mjög absúrd að upplifa það og síðan þá reynslu sem kom í kjölfarið,“ segir hann hugsandi. „Skömmu síðar fór ég nefnilega til Búdapest þar sem ég dansaði með systurkompaníi sænska ballettsins. Það félag heitir 59°North. Þau setja upp nútímadansverk og við dönsuðum á hátíð sem heitir, Sezgets og haldin er á eyju í borginni. Þessa hátíð sóttu um 350.000 manns. Við dönsuðum á sviði og um það bil 300 m frá héldu Iron Maiden tónleika á sama tíma. Þetta var því þveröfugt við það að dansa á stærsta sviði heims í Kína þar sem áhorfendur voru mjög hógværir. Þeir varla láta það eftir sér að klappa og sýna aldrei tilfinningar. Í Búdapest trylltist hins vegar allt. Áhorfendur sátu í grashlíðinni, drukku bjór og skemmtu sér konunglega.“

Ég fór árið 2001 til Kína og var þá í mánaðarsýningartúr þar sem farið var til fimmtán mismunandi borga. Mér fannst því áhugavert að sjá þetta land aftur og margt hafði breyst. Þeir byggja svo rosalega hratt. Verðgildi mannlífs er líka einhvern veginn mikla lægra í Kína en hér á norðurlöðum. Krónan er að falla á Íslandi en manngildið í Kína.“

### JAFNGAMAN AÐ SEMJA OG DANSA

Hvort finnst þér skemmtilegra, að semja dansa eða dansa sjálfur í verkum eftir aðra?

„Mér finnst hvoru tveggja jafnskemmtilegt þó nálgunin sé ólík. Að mínu mati er líka mikilvægt í svona vinnu að nýta styrkleika annarra. Oft er maður óbreytt hermaðurinn





sem dansari en sem danshöfundur hefur maður algjört ákvörðunarfrelsi. Maður leiðir sköpunarferlið og ég aðhyllist að gefa dönsurunum svigrúm til að skapa verkið með mér.“

**Þegar þú varst að vaxa upp var ekki mikill áhugi á dansi á Íslandi. Kannstu einhverja skýringu á því hvers vegna þú valdir þér dans að ævistarfi?**

„Ég er auðvitað alinn upp í leikhúsi og sá sýningu með Íslenska dansflokknum þegar ég var fimm ára. Sýningin hét Ég dansa við þig og pabbi var með og spilaði og söng í því verki. Það var eiginlega fyrsta kveikjan. Ég byrjaði í Listdansskóla Þjóðleikhússins. Í byrjun vissi ég að þetta var það sem ég vildi gera en svo komu auðvitað líka tímabil þar sem ég var á báðum áttum og velti fyrir mér hvort ég ætti að halda áfram eða hætta þessu. Samt gat ég ávallt fundið eitthvað annað við dansinn en listrænu tjáninguna sem hélt mér við efnið. Um tíma hugsaði ég um þetta sem íþróttaform og sá að með þessu gat ég haldið líkamanum í formi þar sem ég hafði ekki áhuga á neinum öðrum íþröttum. Þannig hafði ég alltaf eitthvað til að halda í.“

**Helgi Tómasson dansari er heimsfrægur í dansheiminum. Var hann þér einhvers konar fyrirmynd eða innblástur?**

„Ég sá hann aldrei dansa. Ég man samt eftir að hafa hitt hann mjög ungur en hann var kannski ekki fyrirmynd að öðru leyti en því að ég vissi þó að það voru til einhverjir einn eða tveir íslenskir karldansarar. Það er of langt á milli okkar í aldri til þess.“

## SMÆÐIN LÚXUS

**Hvernig finnst þér svo að koma heim og setja upp eigin dansverk?**

„Það er mjög skemmtilegt og gaman að fá tækifæri til að dvelja á Íslandi í einhvern tíma. Þetta er allt öðruvísi en þegar ég var að búa til verk fyrir Konunglega ballettinn í Svíþjóð. Þar eru sjötíu og fimm dansarar og miklu stærra allt apparatið. Ópera er í sama húsi og hundrað manna símfóníuhljómsveit sem spilaði „live“ í öðru verkinu sem ég samdi. Allt er miklu smærra á Íslandi en eftir að hafa verið í Kína finnst mér smæðin lúxus í sjálfu sér. Mér þykir líka mikilvægt að maður nái að miðla af reynslu sem maður hefur aflað sér annars staðar og komi með hana aftur heim.“

**Verk Gunnlaugs heitir Djöflafúgan. Er efnið sótt í íslenskar þjóðsögur eða eru þetta meira andlegir árar og púkar sem birtast á sviðinu?**

„Þetta eru meira andlegir púkar en þetta er tilraun til að sameina kvikmyndaform og dans á leiksviði. Ég leitast við að gera það þannig að hvorugt taki alveg yfir. Verkið er eiginlega hálfgerður óður til skuggans.“

Skuggasöngur, það hljómar sannarlega forvitnilega og ekki annað eftir en að heimsækja Borgarleikhúsið og sjá verk þessa unga og afar hæfileikarríka íslenska danshöfundar.

# BAKÆFINGAR



## RÓÐUR MEÐ LÓÐUM

Hallaðu þér fram með hnén léttbogin, bakið beint og dragðu kviðvöðvana upp til að styðja við hrygginn á meðan þú einbeitir þér að því að nota bakvöðvana til að draga lóðin upp.

**Endurtaktu 12-15x 3 sett.**



## RÓÐUR

Leggðu hægra hnéð á bekk og hallaðu þér fram og styddu við með hægri hendi. Haltu bakinu beinu og dragðu kviðvöðvana upp til að styðja við hrygginn á meðan þú einbeitir þér að því að nota bakvöðvana til að draga lóðið upp. **Endurtaktu 12-15x 3 sett.**



## BAKFETTA Á BOLTA

Hallaðu þér vel yfir æfingaboltann og notaðu bakvöðvana til að draga þig upp í beina línu og láttu þig svo síga rólega til baka.

**Endurtaktu 12-15x 3 sett.**



## HRYGGVÖÐVAR

Einbeittu þér að því að draga kviðvöðvana upp að hrygg og teygðu hægri hendi fram og lyftu vinstra fæti út í gagnstæða átt. Haltu stöðunni svolitla stund áður en þú skiptir um fót og hendi.

**Endurtaktu 12-15x 3 sett.**





SUND ER  
FYRIR ALLA!

Laugarnar í Reykjavík



[www.itr.is](http://www.itr.is) sími 411 5000



# N&N

## NOTAÐU OG NJÓTTU



### 1. KLASSÍSKUR LÚXUS OG FORMFEGURÐ

The Essence er nýr ilmur frá fyrirtækinu Porsche Design sem rekið er af Ferdinand Alexander Porsche barnabarni þess sem stofnaði Porsche-bílaframleiðslufyrirtækið. Þetta nafn er órjúfanlega tengt formfögurum línunum, krafti og fágun og frá því 1931 hefur Porsche Design aukið orstír þess enn frekar. The Essence er heillandi og ferskur ilmur sem er í senn karlmannlegur og yfirvegaður. Glasið er stílhreint og minnir helst á klakastýkki og þar er engu ofaukið. Einfaldleikinn talar sínu máli og segir alltaf mest. Frábær nýr ilmur sem vert er að prófa.



### 3. UPPÁHALDSILMURINN Í TAKMÖRKUÐU UPPLAGI

Boss frá Hugo Boss er uppáhaldsilmvatn fjölmargra karlanna. Þessi karlmannlegi og frísklegi ilmur fæst nú í takmörkuðu upplagi í sérstakri safnaraútgáfu. Allir þeir fjölmörgu sem hafa notið þessa ilms ættu að flýta sér að tryggja sér flösku af Collector's Edition áður en hún klárast.



### 2. SÝNDU HÚÐINI UMHYGGJU

Clarins Men eru meðal vönduðustu og bestu húðsnyrtivara fyrir karlmenn á markaðnum. Active Face Scrub gelhreinsir með kornum hreinsar auðveldlega djúpt ofan í húðlögin og tekur burtu fitu og filapensla á yfirborði hennar. Hann má nota daglega og húðin verður ferskari en áður. Skin Difference er serum með mikilli virkni sem nota á eitt og sér á kvöldin. Það gefur skeggstæðinu næringu, hægir á hárvexti á því svæði, fyrirbyggir inngróin hár og mýkir skeggshárin. Fatigue Fighter er þreytubani sem nota má eftir næturlanga neyðarfundi, kvöldskemmtanir eða vökunætur. Hann losar húðina við streitumerki og útlitið verður ferskara og líflgra.



### 4 KALDUR OG KLÁR

Roadster-ilmurinn frá Cartier er hannaður fyrir karlmenn sem kjósa að skapa sér eigin örlög. Þá sem njóta lífsins en ganga utan alfaraleiða þegar það hentar þeim. Ilmurinn er hannaður af Mathilde Laurent sem tekist hefur að ná fram flóknu samspili viðartegunda og jurta svo úr verður skemmtileg og sérstæð sínfónía. Flaskan er svo einstök og mögnuð að hún ein nægir til að draga menn að þessum ilmi.

### 5. SPORTLEGUR OG FLOTTUR

Dior Homme Sport er ilmur athafnamannsins sem nýtur þess að hreyfa sig og láta reyna á takmarkanir hugar og líkama. Þetta er hressilegur ilmur sem endurspeglar styrk og áráðni. Frábær fyrir útivistarmennina og þá sem vilja njóta lífsins til fulls.





# HEIMSFÖRELDRAR GERA **KRAFTAVERK** Á HVERJUM DEGI



Vishar litli fær bólusetningu gegn menúsótt á Indlandi aðeins 3 mánaða gamall. Á hverju ári bólusetur UNICEF 100 milljón börn um allan heim - talið er að það bjargi lífi 2,5 milljóna barna á ári.

Þessi litla stúlka biður í heilsugæslustöð í Kisangani í Austur-Kongó. UNICEF veitir miðstöðinni lyf, bóluefni, malaríu-flugnanet, samgöngutæki til heima-hjúkrunar og þjálfa starfsfólkið.



Belinda Makutya, 11 ára, missti föður sinn af völdum alnæmis og á HIV-smitaða móður. Hún er meðlimur í ungliðahópi sem veitir börnum, sem eru í sömu aðstöðu og hún, ráðgjöf og stuðning.

Yfir 13.000 Íslendingar  
eru heimsforeldrar

**VERTU MEÐ!**

Skráðu þig í síma  
562 62 62  
eða á  
[www.unicef.is](http://www.unicef.is)